

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. „Að berjast við skáldskapinn með skáldskap“	5
Umfjöllunarefni <i>Min kamp</i> 1-6	5
Frásagnarform verksins	7
Fyrstu viðtökur bókanna í Noregi	11
3. Sjálfsævisögur	15
Sjálfsævisögulegi samningurinn	15
Póstmódernískar hugmyndir um sjálfið og sjálfsævisögur	17
Tvöfaldur samningur	22
Paratexti	24
4. Bókmenntagreinir og greinaflokkun sjálfsævisagna	28
Stigveldi bókmenntanna	28
Ólík greinaflokkun <i>Min Kamp</i> eftir útgáfulöndum	30
Selfie eða Slow TV? Öðruvísi flokkun sjálfsævisagna	33
5. Viðtökur verksins	36
„Heiðarleg aðferð við að skrifa góðar bókmenntir“ – Viðtökur í Noregi	36
„Ég er ekki nasisti“ - Ný umræða um 6. bindi <i>Min kamp</i>	41
„Bókmenntalegt barnaníð“ – Svíþjóð og siðferðisleg álitamál	46
„Júdasarbókmenntir“ – Hvað má skrifa um?	50
„Að gefa lesandanum fingurinn“ – Viðtökur í Bretlandi og Bandaríkjunum	52
6. Niðurstöður	58
Heimildir	64

1. Inngangur

Þegar rithöfundurinn Marcel Proust gaf út fyrsta bindið af stórvirki sínu árið 1913, *À la recherche du temps perdu*, eða *Í leit að glötuðum tíma*, þjuggust ekki margir við að verkið myndi umbylta bókmenntaumhverfi í Frakklandi og allri Evrópu á árunum á eftir. *Í leit að glötuðum tíma* kom út í sjö bindum og taldi u.þ.b. 3200 blaðsíður.¹ Proust náði ekki að klára útgáfu verkanna, en hann lést árið 1922 og sá bróðir hans um útgáfu síðustu þriggja bindanna eftir lát hans. Samtímamönnum Prousts þótti hann vera snobbari og þjuggust gagnrýnendur ekki við neinum stórvirkjum frá honum, enda var hann heilsuveill alla sína ævi. Eftir að þriðja bindið hafði komið út var orðið ljóst að hér væri á ferð höfundur sem myndi hafa áhrif á bókmenntaumhverfi framtíðarinnar.² Skáldverkið er sjálfsævisögulegt en Proust vinnur þar með minningar sínar og segir frá sinni eigin fortíð.

En hvað var það sem gerði texta Prousts að svo miklu meistaraverki? Eitt helsta þema verksins er minnið, hvernig minni okkar virkar, hvaða áhrif minningar hafa og hvaða aðgengi við höfum að þeim. Proust tekst á við það verkefni að vekja upp sína eigin fortíð í formi skáldskapar og hann skapar sér einhvers konar hliðarpersónu eigin minnis. Hann fjallar ekki aðeins um sjálfan sig heldur einnig um samferðarmenn sína og hver áhrifin voru af fyrri heimsstyrjöldinni og gefur þannig innsýn í samfélag á tíma þar sem franska þjóðin stóð á tímamótum.³ Proust á öruggt sæti í kanónu vestrænna bókmennta og talinn einn af upphafsmönnum nútímaskáldsögunnar.⁴ Skáldskapur hans hefur haft gríðarleg áhrif á þá listamenn sem komu á eftir honum, þó að samtímamenn hans hafi ekki spáð fyrir um það.

Eins og áður segir er *Í leit að glötuðum tíma* sjálfsævisögulegt verk og Proust vinnur með eigin minningar, þótt bókin sé flokkuð sem skáldsaga. Lesendur bókanna gegnum tíðina hafa ekki efast um gildi verksins út frá því að Proust væri að nota eigið líf sem viðfangsefni. Það er a.m.k. ekki ástæðan fyrir því að verkið hefur fengið að lifa og skipar svo háan sess í bókmenntasögunni, heldur miklu frekar vegna þess hvernig

¹ Marcel Proust, *Í leit að glötuðum tíma - Leiðin til Swann*, þýð. Pétur Gunnarsson, Reykjavík: Bjartur, 1997.

² André Maurois, *From Proust to Camus. Profiles of Modern French Writers*, London: Weidenfeld and Nicolson, 1967. Bls 1-11.

³ Harry T. Moore, *Twentieth-Century French Literature*, London: Heinemann, 1969. Bls 34-35.

hann fjallar um sammannlega eiginleika sem fyrst og fremst hverfast í kringum minnið og minningar.

Nú, um öld eftir útgáfu *Í leit að glötuðum tíma*, hefur ýmislegt breyst. Sagan hefur mótað ný landamæri, þjóðir hafa sameinast og tvístrast, heimurinn hefur minnkað með aukinni alþjóðavæðingu, bókmenntir og listir hafa tekið stökkbreytingum og þróun tækninnar hefur fleygt fram með ófyrirsjáanlegum hætti. Sjálfsmynd einstaklinga hefur einnig tekið ákveðnum breytingum, sem og viðhorf mannsins gagnvart sjálfum sér og samfélaginu. Mörkin milli hins opinbera og hins persónulega hafa færst til og mótað að einhverju leyti nýjar samfélagsgerðir.

Í dag skapar hver og einn sína eigin sögu á internetinu, við segjum sögur af sjálfum okkur með myndum og örtexa, sem púslast saman í heildstæða sögu af þeirri manneskju sem við viljum vera og þá sögu segjum við heiminum.

Á árunum 2009-2011 komu út sex bindi af sjálfsævisögulegu verki rithöfundarins Karls Ove Knausgárds, *Min Kamp*, í Noregi. Höfundurinn hafði áður gefið út tvær skáldsögur sem höfðu fengið góða dóma og hafði önnur þeirra, *Ute af verden*, unnið til norskra verðlauna og verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Knausgård er fæddur árið 1968 og var því rétt yfir fertugt þegar *Min kamp* kom út og því spurði fólk sig hvað svo ungur maður gæti fjallað um á 3600 blaðsíðum. Fljótt kom í ljós að hér var á ferð verk sem myndi hafa áhrif á bókmenntaumræðu í Noregi með ýmsum hætti. Nafnið eitt og sér vakti strax athygli enda hefur það augljósa skírskotun í sjálfsævisögu Adolfs Hitlers, *Mein kampf*.

Nú, sjö árum eftir útgáfu fyrsta bindisins, hafa bækurnar náð gríðarlegum vinsældum um heim allan. Þær voru þýddar á dönsku og sænsku stuttu eftir að þær komu út í Noregi, síðan á ensku og hafa öll bindin nema eitt komið út í Bretlandi og Bandaríkjunum. Áætlað er að sjötta bindið komi út vestanhafs vorið 2017. Þýðingar hafa komið út um alla Evrópu og víðar hafa hlutar af verkinu nú verið þýddir á yfir tuttugu tungumál. Vinsældir bókanna komu fáum á óvart í Noregi, Knausgård hafði unnið til verðlauna og þar að auki var bent á að fólk hafi verið forvitið að lesa um raunverulegt líf þessa alvarlega höfundar. Þá hafi líf hans samtinnast minningum fólks af ákveðinni kynslóð í Noregi og því hafi fólk verið spennt fyrir bókunum.⁵ Vinsældir erlendis komu þá hugsanlega meira á óvart, þar sem sama gægjuþörf lá ekki undir.

⁵ Eivind Tjønneland, *Knausgård-Koden - Et ideologikritisk essay*, Oslo: Spartacus, 2010. Bls. 47-52.

Knausgárd var algjörlega óþekktur erlendis áður en bækurnar komu út, sérstaklega í hinum enskumælandi heimi.⁶

Á þeim sjö árum sem hafa liðið eftir að bækurnar komu út hafa Knausgárd og bækur hans oft valdið usla í bókmenntaumhverfinu, vakið upp harðar deilur um stöðu skáldskaparins og gildi þess að blanda saman sannleika og skáldskap á jafn óljósan hátt og Knausgárd gerir í bókunum. Við það bætist að Knausgárd hefur tekið virkan þátt í þessum umræðum, svarað fyrir list sína og skotið föstum skotum til baka á menningarumhverfi nútímans. Af viðtökum bókanna má sjá að, ólíkt forvera sínum Proust, þá fær Knausgárd fyrst og fremst athygli fyrir þann raunveruleika sem hann birtir í skáldskap sínum.

Í þessari ritgerð verða viðtökur verksins *Min Kamp* skoðaðar og kannað hvaða áhrif það hefur að verkið sé sjálfsævisögulegt. Verkið verður skoðað út frá bæði texta bókarinnar sjálfar og paratexta bókarinnar, þ.e. umfjöllunar um bókina, káputexta og viðtala við höfundinn. Einnig verður *Min kamp* skoðað í bókmenntasögulegu samhengi og hvort að það hafi valdið þeim vatnaskilum sem viðtökur verksins gefa til kynna. Litið verður til fræðimanna á sviði sjálfsævisagna á borð við Philippe Lejeune, Paul John Eakin, Julie Watson, Sidonie Smith, Gerard Genette og Poul Behrendt. Þau hafa öll sett fram áhrifaríkar kenningar um stöðu sjálfsævisagna, þá bæði er kemur að skrifum og viðtökum verka. Skoðað verður hvernig viðtökur bókanna eru ólíkar eftir löndum og hvort að staða sjálfsævisögunnar í þessum löndum eigi þar hlut að máli.

Velt verður vöngum yfir stöðu sjálfsævisögunnar í nútímabókmenntaumhverfi og þá hvort mögulegt sé að sjálfsævisagan eigi ekki sæti í kanónu nútímabókmennta og því sé stöðugt verið að gefa henni annað nafn, skapa nýja greinarflokka sem rúma „bókmenntalegar“ sjálfsævisögur.

⁶ Í viðtölum við höfundinn í Bretlandi og Bandaríkjunum kemur þetta vel í ljós, en það var ekki fyrr en eftir útgáfu þriðju bókarinnar sem talað var um Knausgárd sem áhrifamann á sviði bókmenntanna: Liesl Schillinger, „His Peers’ Views Are in the Details“ *The New York Times*, 21. maí 2014. Sótt 2. janúar 2016 af slóðinni: https://www.nytimes.com/2014/05/22/books/karl-ove-knausgaards-my-struggle-is-a-movement.html?_r=0. Hari Kunzru, „Karl Ove Knausgaard: The Latest Literary Sensation,“ *The Guardian*, 7. mars, 2014. Sótt 2. janúar 2017 af slóðinni: https://www.nytimes.com/2014/05/22/books/karl-ove-knausgaards-my-struggle-is-a-movement.html?_r=0. James Wood, „Total Recall: Karl Ove Knausgård's *My Struggle*“ *The New Yorker*, 13. ágúst 2012. Sótt 3. janúar 2017 af slóðinni: <http://www.newyorker.com/magazine/2012/08/13/total-recall>

2. „Að berjast við skáldskapinn með skáldskap“

Umfjöllunarefni *Min kamp* 1-6

Lengd verksins *Min kamp* gerir okkur erfitt fyrir að útskýra nákvæmlega um hvað bækurnar fjalla. Fyrstu spurningarnar eru þó líklega hvers vegna hún beri sama nafn og sjálfsævisaga Adolfs Hitlers og hver „barátta“ sögumannsins sé. Engin bein tenging er við Adolf Hitler í bókunum ef frá er talin 400 blaðsíðna ritgerð um nasismann í sjötta bindinu. Að öðru leyti er hans aldrei getið. Þessi tengsl við einræðisherrann vekur þó strax upp spurningar hjá lesandanum og grunsemdir gagnvart sögumanni.

Barátta Karls Ove er ekki dregin fram berum orðum í bókunum en verkið býður upp á nokkrar túlkningar. Ein þeirra er sú að hér sé á ferð hans eigin barátta en allir heyji sínar eigin orrustur. Hinar raunverulegu baráttur séu í raun faldar í veruleika hversdagslífsins. Annar túlkunarmöguleiki er sá að verkið sjálft sé í raun hans barátta. Hann tekst á við nánast ómögulegt verkefni og það verður honum einhverju leyti að falli að í lok verksins. Ekki fer á milli mála að hér sé um sjálfsævisögu að ræða, en höfundur, sögumaður og aðalpersóna eru ein og sama manneskjan og bera sama nafn, Karl Ove Knausgård.⁷

Verkið fjallar í hnotskurn um mann á miðjum aldri, æsku hans, uppvöxt og fullorðinsár. Maðurinn, Karl Ove, lítur til baka og skoðar minningar sínar af lífi sínu í Noregi og Svíþjóð, hvernig samband hans við fjölskyldu hans var, hvernig hann varð að rithöfundu og að þeim manni sem hann er í dag. Bindin sex sem mynda *Min kamp* eru eitt heildstætt verk en bindin geta þó líka staðið ein og sér og má sjá sérstök einkenni á hverju og einu þeirra. Bækurnar eiga nokkur stór þemu sameiginleg og má segja að þau séu: sambandið við föðurinn, leiðin að höfundarhlutverkinu, hugmyndir um stöðu listarinnar, þróun sjálfsins og hversdagslífið. Eitt það helsta sem einkennir stíl bókanna er gríðarleg nánd við minningar sögumannsins sem og líf hans þegar hann segir frá. Textinn er þannig settur upp að svo virðist sem sögumaðurinn skilji ekkert eftir og að hann hleypi lesandanum alveg að sínu persónulega lífi.

Margir vísa til verksins sem *verkefni* og er þá líklega ekki einugis átt við það verkefni höfundarins að skrifa svo langt sjálfsævisögulegt verk, heldur einnig hvernig

⁷Framvegis verður gerð tilraun til þess að greina í sundur sögumann bókanna annars vegar og höfund hins vegar með því að nota fornafn höfundarins þegar talað er um sögumanninn og aðalpersónuna, en eftirnafnið þegar talað er um rithöfundinn.

það var skrifað og á hversu stuttum tíma það kom út.⁸ Útgáfa verkanna svipar í raun til ákveðins gjörnings, og þar skipta allir ytri þættir einnig máli. Gott dæmi um þessa ytri þætti er að fyrsta bindið hafi til að mynda komið út þegar Knausgård var að ljúka við þriðja bindið og að hann hafi sett sér að skrifa á hverjum degi um 10-20 blaðsíður.⁹ Fullyrðingar höfundarins um vinnubrögð sín verður líka að földu loforði til lesandans um að hér sé um lýsingar á raunveruleikanum að ræða, því enginn gæti skáldað á slíkum hraða. Allir þessir þættir skipta máli fyrir viðtökur bókanna og hvernig textinn sjálfur er lesinn.

Með hugtakinu *verkefni* er hugsanlega einnig átt við það að höfundurinn hafi sett sér fyrir ákveðið verkefni án þess að vita hver endapunkturinn yrði. Það er að segja að hann hefði ekki áttað sig á hver tilgangur verksins væri og hver lokaniðurstaðan myndi verða. Þetta sést skýrt í textanum, enda byrjar hann að gefa út verkið áður en hann lýkur við að skrifa öll bindin. Sögumaðurinn endurtekur sig og segir oft frá sömu atburðum tvisvar, með aðeins ólíkum hætti. Þetta gerir það einnig að verkum að lesandinn býr smám saman yfir sameiginlegri reynslu með sögumanninum.

Verkefni bókanna skýrist smám saman eftir því sem þeim fjölgar. Þannig verður markmið verksins sífellt ljósara og nær hámarki í sjötta bindinu, sem fjallar raunar um verkefnið sjálft, bókmenntaverkið. Þessi framvinda í verkinu verður því líka til þess að lesandinn er leiddur í gegnum verkefnið og það er líkt og lesandinn og sögumaðurinn komist saman að niðurstöðu um tilgang verkefnisins.

Bindin sex skiptast lauslega niður í tímasteið í lífi höfundarins. Í fyrsta bindinu fjallar hann um dauða föður síns, æsku sína og samtíma sögumannsins sem skrifar bókina. Fyrsta bindið er sú bók sem kemst næst því að vera heildstæð skáldsaga, þótt hún endi reyndar í miðju kafi. Í öðru bindi segir hann frá því tímabili þegar hann skilur við fyrstu konu sína og flytur til Svíþjóðar, kynnist annarri eiginkonu sinni og eignast

⁸Um þetta eru ótaldæmi, þar á meðal hjá höfundinum sjálfum. Einnig í þessum fjölmiðlaumfjöllunum:

Marie Tjetslaff, „Knausgårds roman er ren læsefryd,“ *Politiken*, 27. maí 2010. Sótt 2. janúar 2017: http://politiken.dk/kultur/boger/skonlitteratur_boger/art5418069/Knausg%C3%A5rds-roman-er-ren-l%C3%A6sefryd. Einnig: Evan Hughes, „Why Name you Book after Hitler's?“ *The New Yorker*, 11. júní 2014. Sótt 2. janúar af slóðinni: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/why-name-your-book-after-hitlers>

⁹ Knausgård nefnir oft blaðsíðufjölda í viðtölum og að lokum í sjötta bindi verksins: Karl Ove Knausgård, *Min kamp 6*, Stockholm: Norstedts, 2013.

Bækurnar komu út með litlu millibili í Noregi. Fyrsta bindið kom út í september 2009, annað og þriðja bindið voru bæði komin út í árslok 2009. Fjórða bindið kom út í febrúar 2010 og fimmta bindið kom út í júní sama ár. Lengsti tíminn leið á milli fimmta og sjötta bindisins en síðasta bindið kom út í nóvember 2011.

fyrsta barn sitt. Helsta þema í því bindi er ástin og foreldrahlutverkið. Þriðja bókin fjallar um æsku sögumannsins í Noregi, unglingsárin og skilnað foreldra hans. Fjórða bindið segir frá því þegar Knausgård starfaði sem kennari í smábæ í Norður-Noregi þegar hann var 18 ára. Sú bók olli miklum usla sökum þess hvernig hann fjallar um kvenkyns nemendur sína. Fimmta bókin er í beinu framhaldi af þeirri fjórðu og segir frá því þegar hann byrjar í rithöfundaskóla í Bergen og þegar hann kynnist fyrri eiginkonu sinni og síðar skilnaði þeirra. Þá er hann kominn að þeim tíma í lífi sínu þar sem annað bindið hefst.

Sjötta bindið fjallar um þann tíma í lífi aðalpersónunnar sem fyrsta bindi verksins er rétt ókomið út og hann lendir í harðsvíruðum deilum við föðurfjölskyldu sína. Sú bók er langlengst og þar fjallar Knausgård um verkefnið sem hann hefur tekið að sér, það að skrifa *Min kamp* og hvað það fól í sér. Þetta gefur honum í raun tækifæri til þess að útskýra hvað liggur að baki verkinu. Í því kemur einnig sterkt fram að ástæðan fyrir því að bókin sé undirtitluð sem skáldsaga sé vegna réttindamála og vörn gegn mögulegum kærumálum. Í sjötta bindinu er einnig löng ritgerð um Adolf Hitler og nasismann, þótt hann tengi efnið aldrei beint við sjálfan sig eða nafnið á verkinu.

Frásagnarform verksins

Eitt helsta einkenni texta og frásagnarháttar Knausgårds er að enginn greinarmunur er gerður á þekkingarheimi sögumannsins annars vegar og aðalpersónunnar hins vegar. Tímablöndin tvö sem eru einkennandi fyrir sjálfsævisögulega texta, tími skrifa og tími minninganna, verða að einu. Sögumaðurinn efast ekki um minningarnar og um leið og hann byrjar að segja frá verður sögumaðurinn og „ég“ í textanum að sömu manneskjunni. Hann útilokar alla reynslu sína og þekkingu sem hann hefur öðlast eftir atburðina sem hann segir frá. Það er aðeins á örfáum stöðum sem hann fjallar beinlínis um minnið og minningar sem fyrirbæri. Hann tengir það þó sjaldan við sínar eigin minningar og þaðan af síður að hann nefni það sem blasir vissulega við lesandanum; að bækurnar séu í raun eitt stórflóð af minningum. Einstaka sinnum skýtur sögumaðurinn upp kollinum á tíma skrifanna. Hann virðir fyrir sér hvert minningarnar hafa leitt hann, en sökkvir sér síðan aftur niður í minningarnar.

Bækurnar eru þannig ekki í formi endurlits, heldur bein frásögn af fortíðinni. Lesandinn getur auðvitað vel efast um að Knausgård muni atburðina sem hann segir frá rétt í öllum þeim smáatriðum sem koma fram, en það veltur þá á lesandanum

sjálfum. Sögumaður samtímans nýtir venjulega ekki reynslu sína sem hann hefur öðlast seinna meir til þess að sjá hlutina út frá því sem hefur gerst síðar. Knausgárd gerir það ekki að umtalsefni sínu. Minnið er þó samt sem áður einn af undirtextum verksins og stöku sinnum kemur hann inn á þau vandamál sem því fylgir:

Minnið fæst ekki í fyrirfram ákveðnu magni í gegnum lífið. Og það er ekki af þeirri einföldu ástæðu að minnið forgangsraði ekki sannleikanum. Það er aldrei eftirspurnin eftir sannleikanum sem ákvarðar hvort að minnið muni eftir aðstæðum eða ekki. Það eru aðeins sérhagsmunir sem gera það. Minni er hagnýtt, það er lúmskt og lævíst, en ekki á fjandsamlegan eða illkvittinn hátt; þvert á móti, það gerir hvað sem er svo að gestgjafinn sé sáttur. Eitthvað getur ýtt minninu inn í gríðarstórt tóm gleymsku, eitthvað getur brenglað það á slíkan hátt að það verður óþekkjanlegt, eitthvað getur misskilið það fullkomlega, eitthvað, og þetta eitthvað er betra en ekkert, getur það munað skýrt og greinilega. Þú sjálfur færð aldrei að ákveða hvað það er sem þú manst svona nákvæmlega.¹⁰

Annað sem einkennir frásagnarhátt bókanna og sker sig þannig frá öðrum sjálfsævisögum, og skáldsögum ef út í það er farið, er að atburðirnir sem sögumaðurinn ákveður að segja frá hafa oftast engan tilgang, engan lokapunkt, ekkert ris og engan vendipunkt.

Hið dæmigerða sjálfsævisagnaform einkennist af því að sá sem segir frá lífi sínu mótar frásögnina út frá þeim atburðum sem honum finnst hafa mótað sig sem manneskju, og geri hann eða hana að þeirri manneskju sem hann er á tímum skrifanna.¹¹ Þessir vendipunktar eru vissulega til staðar í *Min kamp* en þeir eru ekki augljósir í fyrstu. Einn slíkur atburður í lífi Karls Ove er dauði föður hans. Hann velur að segja frá dauða hans á svipaðan hátt og hann segir frá búðarferð með börnum sínum og því beinist athygli lesandans ekki endilega að þessum vendipunkti. Þessi atvik í bókunum einkennast einnig af hversdagslegum lýsingum á umhverfinu. Þannig blandast

¹⁰ Karl Ove Knausgárd, *Min kamp: Tredje bok*, Oslo: Forlaget Oktober, 2009. Þýðing mín. Bls. 14: Hukommelsen er ingen tilregnelig størrelse i et liv. Og det er den ikke av den enkle grunn at hukommelsen ikke setter sannheten høyest. Det er aldri sannhetskravet som avgjør om hukommelsen gjengir korrekt eller ikke. Det er det egennytte som gjør. Hukommelsen er pragmatisk, den er lumsk og lur men ikke på noen fiendtlig eller onskapsfull måte; tvert imot gjør den alt for åtilfredstille sin vert. Noe skyver den ut i glemselens tomme intet, noe fordreier den til ugjenkjennelighet, noe misforstår den galant, noe, og dette noe er så godt some ingenting, husker den skarpt, klart og korrekt. Hva det er som huskes korrekt, se det er er det aldri deg gitt å avgjøre.

¹¹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Sjálfi í frásögn: Um *Flökkulíf og framhaldslíf* förumanns eftir Hannes Sigfússon”, *Skírnir*, vor 2007. Bls. 180–197. Bls 184.

hversdagslífið við atburði sem skipta máli og renna saman í eintóna frásögn af venjulegu lífi, frásögn sem líkist frekar dagbókarfærslum en sjálfsævisögu:

Foreldrarir stóðu upp við vegginn og brostu, börnin öskrandi og hlaupandi um gólfið. Næst hífði Benjamín upp öngulinn og rauður og hvítur Hemköp nammipoki kom fljúgandi yfir lakið, festur með fataklemmu. Hann tók hana af og tók nokkur skref í burtu til þess að opna pokann í ró og næði á meðan Theresa greip veiðistöngina með hjálp móður sinnar. Ég vafði treflinum um hálsinn og hnepti jakkanum sem ég hafði keypt á útsölu síðasta vor í Paul Smith í Stokkhólmi, setti á mig hattinn ég hafði keypt á sama stað, beygði mig yfir skóhrúguna sem var upp við vegginn og fann mína; Wrangler skó með gulum reimum sem ég hafði keypt í Kaupmannahöfn þegar ég var á bókamessu og hafði aldrei líkað við, ekki einu inni þegar ég keypti þá, og voru enn frekar skemmdir í huga mér vegna þeirrar katastrofu sem hafði ég hafði lent í þegar ég var þar, þar sem ég var ófær um að svara einni einustu spurningu vitsmunalega frá áhugasömum spyrlu á sviði.¹²

Í köflum á borð við þennan má sjá hvernig Knausgård ýkir nákvæmni minninga sinna niður í minnstu smáatriði. Hann leikur sér með takmarkanir minnisins með því að fara í þveröfuga átt, og lýsir minningum sínum niður í þaula. Án þess að hann taki það beinlins fram er óhjákvæmilegt að lesandinn efist um að hér sé allt rétt munað.

Annar vendipunktur sem Knausgård virðist vera í stöðugri leit að er það augnablik þegar hann verður loksins að þeim listamanni sem hann þráir að verða. Í upphafi hverrar frásagnar heldur lesandinn að nú sé á ferð slíkur vendipunktur, en í staðinn snýr hann sér að öðru umfjöllunarefni, eða það kemur í ljós að ekki er um vendipunkt að ræða, heldur einfaldlega hversdagsleikann í sínni hreinustu mynd. Þannig leikur hann á lesendur. Í lokin verður því til mynd af lífi þar sem það er ekki eitt ákveðið augnablik sem hefur gagngerar afleiðingar, heldur frekar röð tilviljanakenndra og hversdagslegra atburða. Það er ekki fyrr en eftir lestur verksins í heild þegar koma í ljós raunverulegir vendipunktar frásagnarinnar, sem eru fyrst og

¹² Karl Ove Knausgård, *Min kamp: Andre bok*, Oslo: Forlaget Oktober, 2009. Bls 57-58: Foreldrene som stod inntil veggen, smilte, barna på gulvet ropte og lo. I neste sekund rykket Benjamin i stangen, og en rød- og hvidt Hemköp godispose kom seilende over dekket, festet in en klesklype. Han fikk løsned den og tok noen skritt bort for å åpne den i fred og ro mens neste barn, Theresa, overtok fiskesnøret, assistert av sin mor. Jeg tullet skjerfet rundt halsen og kneppet den blå losaktige jakken jeg hadde kjøpt på salg forrige vår på Paul Smith i Stockholm, satte luen jeg hadde kjøpt samme ste, på hodet, bøyde meg ned foran haugen av forrøy inntil veggen, fant mine, et par svarte Wrangler-sko med gule lisser jed hade kjøpt i København da jeg var på litteraturmessen der, misfarget av tanken på katastrofalt dårlig det hadde gått for meg der, ute av stand til å svare fornuftig på ett eneste av spørsmålene den entusiastiske og innsiktsfulle intervjueren stilte meg der på scenen.

fremst dregnir fram með endurtekningu. Sem dæmi má nefna dauða föður Karls Ove, sem kemur endurtekið fyrir í bókunum. Annað dæmi er útgáfa fyrstu skáldsögu hans, sem hefur sterk áhrif á hann og þróun hans sem rithöfundur.

Knausgárd leitar einnig í arfleifð forvera síns, Marcel Prousts, og má sjá mörg einkenni franska rithöfundarins í *Min kamp*. Knausgárd gerir þetta meðvitað og staðsetur sig innan hefðar sem Proust átti stóran þátt í að móta:

Eina slóðin sem er eftir af fyrra tilvistarlífi mínu eru þær bækur og plötur sem ég tók með mér. Ég skildi allt annað eftir. Og þó að ég hafi þá eytt miklum tíma í að hugsa um fortíðina, næstum niðurdrepandi miklum tíma, sé ég núna, og þess vegna las ég ekki bara skáldsögu Marcel Prousts, *À la recherche du temps perdu*, heldur næstum drakk hana í mig, að fortíðin er næstum horfin úr huga mér. Ég held að aðalástæðan fyrir því séu börnin okkar, þar sem lífið með þeim í núinu yfirtekur allt.¹³

Þar sem að Karl Ove er sjálfur sögumaður sinna eigin minninga verður hann einnig óáreiðanlegur sögumaður að því leyti að hann er algjörlega hlutdrægur á sig og sína eigin persónu. Allar frásagnirnar eru sagðar frá hans sjónarhorni og tilfinningum og þetta verður lesandanum ljóst alveg í upphafi.

Þar að auki gerir frásagnaraðferðin það að verkum að það er ekki aðeins sögumaðurinn sem er hlutdrægur, heldur fær aðalpersóna hvers tíma alltaf að njóta vafans, án þess að þekking seinni tíma hafi þar áhrif á. Þetta verður einna mest áberandi á unglingsárum Karl Ove, í fjórða og fimmta bindi. Þar fær aðalpersónan að lýsa öllum sínum tilfinningum, eins og unglundurinn Karl Ove sé að segja söguna, með þeim hugsunum og rökum sem einkenna tilfinningalíf unglinga.

Lesandinn þarf því að takast á við tvíráða stöðu höfundar og sögumanns. Annars vegar tekur höfundurinn fram að hér sé að ræða brot úr lífi hans eins og hann man það. Að því leyti er um raunverulega atburði að ræða. Hins vegar má strax sjá að ekki er hægt að treysta sögumanninum þar sem lítil sem engin endurskoðun verður á þessum minningum. Þessi afstaða sögumannsins gagnvart fortíðinni, sem er á sama

¹³ Karl Ove Knausgárd, *Min kamp*, Oslo: Forlaget Oktober, 2009. Bls 33: Det eneste spor som finnes av det forrige, er bøkene og platene jeg tok med meg. Alt annet lot jeg ligge. Og mens jeg den gangen brukte mye tid på å tenke på fortiden, nesten sykkelig mye tid, slår det mig nå og derfor ikke bara leste Marcel Prousts *På sporet av den tapte tid*, men nærmest drakk den, er fortiden nå knapt nærværende i tankerne. mye av grunnen til det er barna vi har fått, vil jeg tro, at livet med dem her og nå tar all pass.

tíma alltaf afstaða aðalpersónunar á þeim tíma sem atburðirnir eiga sér stað, verður til þess að fjarlægðin við raunveruleikann hverfur og það er meðal annars þess vegna sem viðtökur bókanna hafa verið blendnar og hafa orðið uppspretta samræðu um stöðu bókmenntanna í nútímasamfélagi.

Fyrstu viðtökur bókanna í Noregi

Bækur Knausgårds vöktu strax mikla athygli í Noregi en hann hafðu getið sér gott orð sem rithöfundur. Hann hafði ekki farið hátt um að hann væri að skrifa bækurnar en um leið og fyrsta bindið kom út var ljóst að von væri á fimm bindum til viðbótar á stuttu tímabili.¹⁴ Í fyrstu voru viðbrögð gagnrýnenda einróma – að hér væri á ferð merkilegt rit sem væri vel skrifað og margir staðhæfðu að Knausgård hefði nú þegar skrifað sig inn í kanónu vestrænna bókmennta. Það var sérstaklega það hugrekki og sú sjálfsskoðun sem fylgdi þeirri ákvörðun að skrifa svo heiðarlega og einlæglega um sitt eigið líf, en einnig var sjónum beint að textanum sjálfum, fyrsta bindið væri vel skrifað og fallegt, þó að uppbyggingin væri óvenjuleg.¹⁵

Það leið þó ekki á löngu eftir útgáfu þessa fyrsta bindis að miklar umræður hófust í norskum fjölmiðlum um hvort að bókin, og sú saga sem sögð er í henni, ætti rétt á sér. Tveir atburðir áttu stærstan þátt í því. Annars vegar gáfu nokkrir aðstandendur Knausgårds út nafnlausu yfirlýsingu í fjölmiðlum um að þeir hefðu ekki samþykkt útgáfu bókanna, og þeim þætti brotið á sér. Þeir kölluðu bækurnar „Júdasarbókmenntir“ og áttu þá við að með bókunum hefði Knausgård svikið fjölskyldu sína í skiptum fyrir frægð og fé.¹⁶ Hins vegar skrifaði rithöfundurinn Jan Kjærstad harðorða grein í *Aftenposten* þar sem hann dæmdi gagnrýnendur fyrir að skoða texta Knausgårds gagnrýnislaust og einblína aðeins á hið sjálfsvæisögulega í textanum – en ekki textann

¹⁴ Jan Thomas Holmlund, „Har skrevet seksbinds roman om eget liv,“ *Dagbladet*, 27. ágúst 2009, sótt 18. nóvember 2016:

http://www.dagbladet.no/2009/08/27/kultur/litteratur/karl_ove_knausgard/bokhosten_2009/7828935/.

¹⁵ Hans H. Skei, „Mangfoldig, rykt, rystende,“ *Aftenposten*, 18. september 2009. Sótt 6. janúar 2017: http://www.aftenposten.no/kultur/Mangfoldig_-rikt_-rystende-235464b.html.

Christian Refsum, „Den nødvendige roman,“ *Morgenbladet*, 22. janúar 2010. Sótt 3. janúar 2017: https://morgenbladet.no/debatt/2010/den_nodvendige_romanen.

¹⁶ 14 órólegir fjölskyldumeðlimir, „Lesandabréf í *Klassekampen*,“ 3. október 2009. Heimild fengin úr grein Marianne Egeland, „Anerkjennelse og autensitet i virkileghetslitteraturen,“ *Norsk Litteraturvetenskapelig Tidsskrift*, vol 18, nr. 1, 2015. Bls. 34-48.

sjálfan. Honum þótti ekki skipta máli að bókin væri byggð á lífi höfundarins heldur ættu gagnrýnendur að leggja sig fram við að útiloka það úr lestri sínum.¹⁷

Í kjölfar þessara tveggja greina hófust mikil skrif um Knausgård og skiptust lesendur í tvo flokka, og tóku þá yfirleitt afstöðu annaðhvort með eða á móti bókunum. Sú afstaða byggðist í raun alltaf á sambandi verksins við veruleikann. Ýmsum fannst Knausgård hafa tekið sér bessaleyfi með því að skrifa um líf annarra í bókinni. Það væri misnotkun á sjálfræði annarra, þá sérstaklega á þeim rétti fólks að fá að segja sína eigin sögu.¹⁸ Fólk á borð við Jan Kjærstad sagði hins vegar að bók Knausgårds væri ekki sjálfkrafa góð vegna þess að hún vísaði í veruleikann. Það hefði engin áhrif á gæði bókanna og þvældist fyrir lesendum. Textinn ætti alltaf að standa einn og sér og ætti ekki að vera lesinn út frá því að hann væri sjálfsvæisögulegur. Kjærstad segir meðal annars:

Af hverju hefur Knausgård valið að skrifa sjálfsvæisögulega? Ég trúi ekki í eina sekúndu að það hafi verið „nauðsynlegt“ eins og hann hefur sjálfur talað um. Ég trúi því frekar að hann, sem atvinnurithöfundur, hafi séð þann stóra hagnað sem felst í því: Það sem í venjulegum skáldskap getur orðið óáhugavert, verður á sama hátt spennandi í sjálfsvæisögu. Hvert einasta smáatriði, sama hversu litla þýðingu hann hefur, fær aukið vægi.¹⁹

[...]

Ég er enginn aðdáandi nýrýninnar, en ég lýsi þó eftir lestri bókar Knausgårds sem hreinum texta, þar sem reynt er að filtera út hávaðann sem hefur verið í kringum verkið. Vegna þess að það er ekki sannleikspátturinn sem styrkist af því sjálfsvæisögulega í bók Knausgård, heldur er það skáldskapurinn. Frásögnin verður einhvers konar blendingsskáldskapur, 200 prósent skáldskapur.²⁰

¹⁷ Jan Kjærstad, „Den som ligger med nesen i grusen, er blind,“ *Aftenposten*. Birtist 7. janúar 2010 og á vefnum sama dag: http://www.aftenposten.no/meninger/debatt/Den-som-ligger-med-nesen-i-grusen_--er-blind-234397b.html, Sótt af vefnum 20. október 2016:

¹⁸ Fredrik Wandrup, „Aftenposten setter forfatterne i skammekroken,“ *Dagbladet*. Sótt 30. desember 2016: <http://www.dagbladet.no/kultur/aftenposten-setter-forfatterne-i-skammekroken/63485097>.

¹⁹ Jan Kjærstad, 2010, „Den som ligger med nesen i grusen, er blind“: Hvorfor har Knausgård valgt å skrive „selvbiografisk?“ Jeg tror ikke et sekund det skyldes den «nødvendighet» han selv har ført til torgs. Jeg tror heller han, som profesjonell forfatter, har sett den store gevinsten ved dette: Det som i en vanlig fiksjon fort kan bli uinteressant, blir i en påstått selvbiografi spennende. Det oppstår en slags underliggjøring: enhver detalj, samme hvor ubetydelig, får en spesiell ladning. [...] Jeg er ingen tilhenger av nykritikken, men jeg etterlyser en lesning av Knausgårds bok som ren tekst, der støyen rundt er forsøkt filtrert bort. For det er ikke virkelighetsaspektet som styrkes av det «selvbiografiske» i Knausgårds roman, det er fiksjonen. Fortellingen blir en slags hyperfiksjon, 200 prosent fiksjon.

²⁰ Kjærstad, 2010.

Í grein sinni dulbýr Kjærstad gagnrýni sína á Knausgård sjálfan, sem gagnrýni á gagnrýnendur og bókmenntaheiminn í heild sinni fyrir að vera sammála um að fyrsta bindi *Min Kamp* sé góð. Hann segir það óhollt fyrir bókmenntaumhverfi að veita slíkri bók svo litla mótstöðu. Það sem skiptir Kjærstad greinilega miklu máli er að paratexti bókarinnar (allur texti sem birtist utan við skáldskapartextann sjálfan, sjá næsta kafla) sé ekki lagður að jöfnu við sjálfa bókina, þ.e. að horft sé framhjá því að bókin sé sjálfsævisaga. Kjærstad gefur einnig í skyn að Knausgård sé tækifærissinni sem hafi ákveðið að nota sitt líf sem gróðalind. Kjærstad er mikið niðri fyrir í grein sinni og gerist að lokum sekur um það sem hann gagnrýnir aðra gagnrýnendur fyrir, þ.e.a.s. að vera of upptekinn af veruleikatengslunum.

Aðstandendurnir nafnlausu sökuðu Knausgård í bréfi sínu um lygar og óheiðarleika og töldu hann hafa brotið norsk lög. Þeir hótuðu í framhaldi að fara með málið fyrir dómstóla.²¹ Það gerðist hins vegar ekki, og má það líklega rekja til þess að forlagið Oktober, sem gaf bækurnar út, skilgreindi bækurnar sem skáldsögur á bókarkápunum.²² Margir tjáðu sig um þetta mál í fjölmiðlum og tóku þannig afstöðu með eða á móti því hvort Knausgård hefði haft rétt á því að gefa út bækurnar. Út frá þessum tveimur vinklum, annars vegar sjónarhorni aðstandendanna og hins vegar sjónarhorni Jans Kjærstads má ganga út frá því að þær umræður og deilur sem spruttu upp eftir útgáfu bókanna eigi sér fyrst og fremst upphaf í því óræða sambandi veruleika og skáldskapar sem Knausgård skapaði í verkum sínum.

Í framhaldi skapaðist umræða um ýmsa vinkla verksins sem enn lifir góðu lífi í dag. Verkið hefur opnað fyrir umræður í Noregi og víðar, um takmarkanir skáldskaparins, vald listarinnar og stöðu sjálfsævisögunnar.

Nokkuð hefur verið skrifað um bækur Knausgård á fræðilegum vettvangi, þá sérstaklega miðað við hversu stutt er síðan þær komu út. Helst ber að nefna doktorsritgerð Claus Elholms Andersens, *På vakt skal man være* sem hann gaf út hjá Nordica Helsingensia árið 2015.²³ Andersen fjallar um hið bókmenntalega í verkinu og skoðar þannig verkið sem skáldskap fyrst og fremst. Hann heldur því fram að til þess að geta metið verðleika verksins verði að skoða skáldskapinn, hið bókmenntalega, en ekki raunveruleikann sem bókin vísar til. Þessi nálgun Andersens svarar að

²¹ Lesendabréf aðstandendanna, *Klassekampen*, 2009.

²² Þetta átti eftir að verða breytilegt eftir þýðingum og útgáfum.

²³ Claus Elholm Andersen, *På vakt skal man være. Om litterariteten i Karl Ove Knausgårds Min kamp*, Helsingensia, 2015.

einhverju leyti kalli Kjærstad um að skoða skáldskapinn sem „hreinan texta“ en festast ekki í hvað sé satt og logið. Andersen skoðar þannig persónur í bókinni og sambönd þeirra eins og um skáldsagnapersónur sé að ræða.²⁴

Andersen fjallar líka um þær ólíku viðtökur sem bækurnar hafa fengið. Hann bendir sérstaklega á hvernig greinaflokkun verksins hefur orðið að bitbeini meðal lesenda í Skandinavíu, á meðan það virtist ekki vefjast fyrir bandarískum og breskum lesendum.²⁵ Þessi greinaumræða hefur, að mati Andersens, hamlað raunverulegri umræðu um bækur Knausgárds sem honum þykir hafa verið skortur á. Það er vel hægt að taka undir það, og má segja að sú umræða um undir hvaða bókmennagrein verkið fellur og sífelldar tilraunir til þess að skapa nýja undirflokkka eða flokka sem liggja á mörkunum verði fljótt heldur leiðigjörn.

Eivind Tjønneland gaf út bókina *Knausgård-koden* árið 2010, þegar síðasta bindið hafði ekki enn komið út af *Min kamp*, en í henni lætur hann hörð orð falla um verk Knausgård.²⁶ Hans niðurstaða er í raun að hér sé á ferð „sambland af abstrakt lýsingum af raunveruleikanum og innskotinu „Ååhh““ og það sé það sem geri bækurnar að því sem þær eru. Tjønneland blæs á þær hugmyndir að hægt sé að lesa bókina án þess að skoða sérstakega hið sjálfsævisögulega, en hann staðhæfir einnig að ekkert standi eftir, þar sem að lesendur séu blekkir með slúðri. Hann segir að það sé ekki hægt að meta verðleika bókar út frá því að lesendurnir þekki það umhverfi sem höfundurinn lýsir og það sé einmitt það sem hafi gerst í Noregi með *Min kamp*.²⁷

Knausgård er enn mjög áberandi í norsku menningarumhverfi. Hann er oft spurður álits um ýmis málefni, nú síðast hvort að Bob Dylan hefði átt Nóbelsverðlaunin skilið. Þá er vert að minnast á að Knausgård er sjálfur reglulega nefndur í samhengi við Nóbelsverðlaunin.

²⁴ Andersen, 2015. Bls. 11-13.

²⁵ Sama heimild. Bls. 34-35.

²⁶ Eivind Tjønneland, *Knausgård-koden*, Oslo: Spartacus forlag, 2010.

²⁷ Sama heimild. Bls 47.

3. Sjálfsævisögur

Sjálfsævisögulegi samningurinn

Kenningar franska bókmenntafræðingsins Philippes Lejeunes eru líklega þær áhrifamestu sem hafa verið settar fram um sjálfsævisögur. Hann hélt því fram í bók sinni um hinn sjálfsævisögulega samning árið 1976 að í sjálfsævisögum fælist alltaf ákveðinn samningur milli lesanda og höfundar.²⁸ Lejeune setur fram tvær skilgreiningar á sjálfsævisögum, eina þrönga og aðra víðari. Sú þrengri hljómar svona: „Frásögn í prósa um liðna tíð eftir manneskju sem er til um hennar eigin tilveru, þar sem áhersla er á líf hennar og sérstaklega persónuleika hennar.“²⁹ Þessi skilgreining útilokar ýmsa sjálfsævisögulega texta eins og sjálfsævisögur í bundnu máli og minningabækur sem taka fyrir styttri tímabil og þar sem mótun persónuleikans er ekki aðalviðfangsefnið. Því setti Lejeune einnig fram víðari skilgreiningu sem gengur út á að höfundur, sögumaður og aðalpersóna sé sá sami í textanum.

Sjálfsævisögulegi samningurinn felur einnig í sér að sjálfsævisögur séu ekki einungis form bókmennta sem verður til hjá höfundinum, heldur í þessu sambandi höfundar og lesanda. Höfundurinn heitir lesandanum því að hann sé sá sami og sá sem skrifað er um í textanum. Ef þetta traust er síðan brotið verður til rof á milli lesandans og höfundar. Trúverðugleikinn fellur um sjálfan sig. Samningurinn felur í sér að lesandinn treysti sögumanninum til þess að segja satt og rétt frá, eins og hann man atburðina og að hann sé að vísa í hinn raunverulega heim, utan við textann. Þetta traust byggist fyrst og fremst á því nafni sem höfundurinn notar. Ef höfundurinn ákveður að sögumaðurinn og aðalpersónan heiti sama nafni og hann sjálfur þá er hann í raun og veru að gefa lesandanum leyfi til þess að lesa textann sem sjálfsævisögulegan, með öllum þeim ytri texta og fyrri þekkingu sem lesandinn býr yfir um höfundinn.³⁰

Ef að höfundurinn nýtir sitt raunverulega líf sem efnivið í skáldsögu en breytir nafninu á aðalpersónunni og/eða sögumanninum þá er ekki um sama samning að ræða. Óháð því hversu líkur skáldskapurinn er því sem lesandinn veit nú þegar um persónulegt líf höfundarins þá hefur höfundurinn samt sem áður ákveðið að fjarlægja

²⁸ Philippe Lejeune, *On Autobiography*, Minneapolis: University of Minnesota, 1989.

²⁹ Sama heimild, bls 4. Þýðing fengin frá Gunnþórunni Guðmundsdóttur úr greininni „Skáldað um líf“, *Skírnir* vor 2003, bls. 109-125. Bls. 110.

³⁰ Lejeune, 1989. Bls 10-11.

sjálfan sig frá efni bókarinnar. Það sama á við ef höfundurinn ákveður að skrifa undir dulnefni.³¹

Þeir sem gagnrýnt hafa kenningar Lejeune hafa fyrst og fremst bent á hversu lokuð skilgreining hans er, og sé því frekar fyrirskipandi heldur en lýsandi fyrir bókmenntagreininna. Lejeune sé því að búa til reglur fyrir mögulega höfunda sjálfsævisagna, frekar en að skapa skilgreiningu sem rúmar sjálfsævisöguleg skrif í heild sinni.³² Því er oft nytsamlegra að nota víðari skilgreiningu Lejeune þegar kemur að nútímasjálfsævisögum. Þegar allt kemur til alls er þó verk Knausgárds frekar hefðbundin sjálfsævisaga og passar því vel inn í þrengri skilgreininguna.

Lejeune hafnar því að við þurfum að líta út fyrir textann til þess að leita svara við því hvort að texti sé sjálfsævisaga eða ekki, þar sem að öll svörin séu í raun innan textans sjálfs.³³ Það er því ekki fyrirmyndin, höfundurinn sjálfur og hans sannleikur sem þarf að kanna nánar, heldur miklu frekar viðtökur lesandans, hvernig hann skilur textann og hvaða áhrif það hefur á hann að sjálfsævisagan vísi í raunveruleikann utan við textann. Greining Lejeunes er því náskyld viðtökufraeðunum, þar sem að aðaláherslan verður á hvernig lesandinn skilur textann. Sjálfsævisagnafræðin hafa að miklu leyti byggt á þessum hugmyndum Lejeune. Margt hefur þó breyst, þá sérstaklega hvernig talað er um sjálfið og sjálfsfrásagnir. Grunnhugmynd hans um hinn sjálfsævisögulega samning er þó nokkuð sem flestir ganga út frá.

Greinaflokkun sjálfsævisagna er eitt af því sem vefst gjarnan fyrir lesendum þeirra. Sumir hafa sagt að flokkunin á sjálfsævisögum eigi ekki að útiloka aðra greinaflokka heldur búi að einhverju leyti í öllum textum. Paul de Man gaf út fræga ritgerð um sjálfsævisögur „Autobiography as De-Facement“ þar sem hann hélt því fram að sjálfsævisögur eigi ekki að vera skilgreindar sem sérgrein, heldur eigi hið sjálfsævisögulega alltaf heima innan annarra bókmenntagreina, eins og prósa, leikritun eða ljóðum.³⁴ Hann segir sjálfsævisögu heldur ekki greina sig frá skáldskap að því leyti að í báðum tilfellum getum aldrei verið viss um að það sem við lesum sé ekki í raun skáldskapur.

³¹ Philippe Lejeune, 1989. Bls. 12-13.

³² Paul de Man, „Autobiography as De-Facement“ *The Rhetoric of Romanticism*, New York: Columbia University Press, 1984. Bls 67-82.

³³ Lejeune, 1989. Bls. 21.

³⁴ Paul de Man, 1984. Bls. 67-68.

De Man heldur því fram að hið sjálfsævisögulega felist ekki í því hvernig við flokkum textann sjálfan heldur felist aðgreiningin aðallega í því hvernig lesandinn les textann, rétt eins og Lejeune segir, þótt de Man sé ósammála Lejeune að mörgu öðru leyti. De Man dregur þá ályktun að hið sjálfsævisögulega eigi því heima í öllum textum þar sem lesandinn geti alltaf ákveðið með sjálfum sér að tengja höfundarnafnið við sögumann textans, óháð því hvað höfundurinn ætlaði sér. Á sama hátt væri því líka hægt að segja að enginn texti sé sjálfsævisögulegur, þar sem ákvörðunarvaldið liggur hjá lesandanum sjálfum.

De Man gagnrýnir þó hugmyndir Lejeune að því leyti að þær séu það strúktúralískt uppbyggðar að þær verða fyrirskipandi í stað þess að vera lýsandi. Það sem gerist þá er að um leið og hugmyndin er sett fram verður hún úrelt, þar sem höfundar stíga undir eins út fyrir rammann sem fræðimenn hafa gert tilraun til þess að skapa þeim.³⁵

Póstmódernískar hugmyndir um sjálfið og sjálfsævisögur

Póstmódernisminn, eins flókið og marglaga hugtak það er, kollvarpaði menningarafurðum og viðhorfum til listarinnar á seinni hluta 20. aldar. Ýmsar breytingar urðu á umfjöllun um fortíðina og minnið á 8. og 9. áratugnum, bæði í skáldskap og annarri menningarsköpun. Póstmódernisminn sem spratt upp á þessum tíma var ákveðið svar við móðernismanum en einnig afleiðing ýmissa nýrra og fjölbreyttra hugmynda. Einkenni móðernismans voru m.a. að brjóta upp hefðbundið frásagnarform og þær formbreytingar sem honum fylgdu opnuðu fyrir nýja gerð af tjáningaraðferð.³⁶ Póststrúktúralismi fræðimanna á borð við Jacques Derrida, Roland Barthes, Mikhaíl Bakhtín og Juliu Kristevu höfðu þau áhrif að leitinn að merkingunni dagaði uppi og formbreytingarnar voru teknar skrefi lengra. Í stað þess að leita að merkingu innan textans varð niðurstaðan sú að það væri væri engin niðurstaða.³⁷

³⁵ Paul de Man, 1984. Bls 67-82.

³⁶ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, Cambridge: Routledge, 1988. Bls. 110-113.

³⁷ Sjá t.d.: Jacques Derrida, „Formgerð, tákni og leikur í orðræðu“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991. Bls. 129-152.

Roland Barthes, „Frá verki til texta,“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991. Bls. 181-190.

Mikhaíl M. Bkahtín, *Orðlist skáldsögunnar*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2005.

Kenningar Jacques Derrida um *différance* höfðu þarna mikil áhrif; að merking væri alltaf háð því samhengi sem hún kemur úr, hún væri alltaf í ákveðnu ferli sem sífellt væri verið að fresta. Einnig höfðu hugmyndir Michels Foucaults um valdasambönd gríðarleg áhrif á söguskoðun og hugmyndir fræðimanna á borð við frönsku menningarrýnana Jean Baudrillard og Pierre Bourdieu storkuðu aldagamalli aðgreiningu há- og lágmennningar.³⁸ Einnig ollu byltingar í feminískum og póstkólóníalískum fræðum því að litið var öðrum augum á ólíkar valdasögur innan samfélaga.³⁹ Þessar kenningar gerðu það að verkum að áherslur í frásögnum sjálfins breyttust. Takmarkanir minnisins voru dregnar fram í dagsljósið og í stað þess að benda á þróun einstaklingsins var oft bent á ómöguleika þess að komast að einhverri niðurstöðu, því endapunkturinn væri í eðli sínu ómögulegur.⁴⁰

Áhugi á fortíðinni er annað einkenni póstmódernískra bókmennta, hvort sem verið er að endurnýta gamalt efni og afbyggja það, eða að líta aftur og efast um það sem hefur nú þegar verið skrifað. Gunnþórunn Guðmundsdóttir bendir á í bók sinni *Borderlines: Autobiography and Fiction in Postmodern Life-Writing* að höfundar sjálfsævisagna sem hafa orðið fyrir áhrifum frá póstmódernisma efast oft um sannleiksgildi sinna eigin minninga og aðgengi að eigin fortíð.⁴¹

Í rannsókn sinni á sjálfsævisögum sem tengja má við póstmódernisma sér Gunnþórunn sameiginleg einkenni á borð við efa um vald minninga, mismunandi möguleika á frásagnarformi og uppbrot á tímaröð. Skortur á yfirráði í sjálfsævisögum nútímans er í takt við hvernig póstmódernisminn efast um að hægt sé að finna endapunkt og niðurstöðu og því er stöðugt slegið á frest.⁴²

Julia Kristeva, „Orð, tvíröddun og skáldsaga,“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991. Bls. 93-128.

³⁸Sjá t.d. Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005.

Jean Baudrillard, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Íslands, 2000.

Pierre Bourdieu, *Almenningsálitid er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinsson, Reykjavík: Reykjavíkúakademían, 2007.

³⁹Sidonie Smith og Julie Watson, *Reading Autobiography - A Guide for Interpreting Life Narratives*, Minneapolis, London: University of Minnesota Press, 2010. Bls 206.

⁴⁰Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf“, *Skírnir*, 2003. Bls. 118.

⁴¹Gunnþórunn Guðmundsdóttir, *Borderlines: Autobiography and Fiction in Postmodern Life-Writing*, London: University of London, 2000. Bls 266.

⁴²Sama heimild. Bls. 269-270.

Með hugmyndum póstmóðernismans mótaðist þannig ný gerð sjálfsævisagna sem voru bókmenntalegri, þ.e. þær tókust á við þróun sjálfsins, endurvinnslu minninganna og vafa um það aðgengi sem við höfum að fortíðinni. Brotakenndar frásagnir og uppbrot á formi er annað einkenni póstmóðernískra sjálfsævisagna. Höfundarnir eru í stöðugri leit að formi sem nær yfir alla reynslu þeirra en komast jafnóðum að því að það form er ekki til.⁴³

Þessum nýju sjálfsævisögum hefur í gegnum árin fylgt umræða um greinaskiptinu sjálfsævisagna. Nýir flokkar hafa orðið til eftir því sem að höfundar leggja áherslu á að minningarnar séu alltaf ákveðin frásagnaraðferð, en ekki endilega raunsæ mynd af raunveruleikanum. Þannig hafa flokkar á borð við skáldævisögu og autofiction mótast með tímanum og í dag eru þessi hugtök orðin algeng í umfjöllun um bækur sem sitja á mörkum veruleika og skáldskapar. En eins og Gunnþórunn bendir á hefur þessi blöndun alltaf átt sér stað, án þess að það hafi þurft að taka það sérstaklega fram með nýrri greinaskiptingu. Sjálfsævisaga hefur aldrei falið í sér loforð um heilagan sannleika.⁴⁴

Svo virðist sem Knausgárd sé í stöðugri baráttu við þetta viðhorf. Í fyrstu fimm bindunum efast hann sjaldan um minningar sínar í textanum og hann dregur aldrei í efa að það sé hann sjálfur sem stýri för frásagnarformsins. En í sjötta bindinu kveður við nýjan tón. Þar eru skrifin sjálf umfjöllunarefnið, efast er um tilgang skrifanna, Karl Ove og Knausgárd falla saman í sömu persónuna og fjallað er með beinum hætti um minningar og vald yfir textanum.

Annað einkenni póstmóðernískra sjálfsævisagna er að höfundarnir bendi lesandanum á að þó að sagan sé sögð á einn hátt þá hefði hún allt eins getað verið sögð einhvern veginn allt öðruvísi.⁴⁵ Knausgárd vinnur í öfuga átt, hans markmið er að segja söguna nákvæmlega á einn hátt og engan annan hátt. Hann vinnur gegn póstmóðernískum hugsunarhætti um listina, og frekar opinskátt meira að segja, og segir oft bókin sé eina leiðin fyrir hann til þess að komast nær hinni fullkomnu list. Með því að vinna meðvitað gegn þessu verður það þó augljósara en ella að þetta verkefni sem hann hefur sett sér er ómögulegt.

⁴³ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf“ *Skírnir*, vor 2003. bls 109-125. bls 120.

⁴⁴ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, *Borderlines, Autobiography and Fiction in Postmodern Life-Writing*, London: University of London, 2000. bls 269.

⁴⁵ Sama heimild, bls 272.

Þrotlaus umræða um hvort að bækur Knausgárd séu skáldskapur eða sjálfsævisögulegar eru í raun sama endurtekning og hefur átt sér stað í gegnum tíðina um sjálfsævisögur. Sögur af sjálfi eru alltaf á einhvern hátt skáldaðar og Knausgárd notar ýmis tæki skáldskaparins til þess að segja sögu af lífinu fyrir utan textann, heiminum sem hann vísar í. Með því að nota ný hugtök til þess að lýsa þessu, hafa fræðimenn þar með gefið í skyn að hið sjálfsævisögulega geti einhvern tímann verið án alls skáldskapar.

Það er áhugavert að skoða þessi viðbrögð lesenda við bókum Knausgárds og þá tilhneigingu til þess að reyna stöðugt að þröngva bókunum í mót skáldsagna. Skáldævisaga, *autofiction*, vísar til þess að blandað sé saman skáldskap og sönnum atburðum úr lífi sögumannsins. Hugtökin virðast oftast en ekki vera notuð til þess að höfundarnir geti afsalað sér þeirri ábyrgð sem fylgir því að fjalla um raunveruleikann.

Lesendur virðast leitast stöðugt við að gera bók Knausgárd að einhverju öðru en sjálfsævisögu. Ein ástæðan er sú að nútímalesendur eru meðvitaðir um þann vanda sem raunveruleikinn felur í sér. Ekkert er til sem heitir einn sannur veruleiki heldur sköpum við okkur stöðugt nýjar sögur eftir minningum okkar, sem eru ekki áreiðanlegur vitnisburður um heiminn í raun og veru. Nútímalesendur eru meðvitaðir um þann ómöguleika sem felst í því að ætla að segja sína eigin sögu nákvæmlega. Hugsanlega er það ástæða þess að fjallað er um verkefni Knausgárd sem autofiction eða „skáldævisögu“.

En Knausgárd er ekki sammála þessu, hvorki í verkinu sjálfu né þegar hann hefur tjáð sig um verkefnið. Hann segir oft að hann sé að skrifa sannleikann, það sé það eina sem hann geti gert og hann gefur lítið fyrir þá hugmynd að fegurð listarinnar sé afstæð. Þannig upphefur hann í raun hugmyndina um snillinginn og leitar aftur fyrir póststrúktúralismann í leit að einum sönnum sannleika:

Allt er orðið að hugmynd, meira að segja líkamar okkar eru ekki lengur líkamar, heldur hugmynd um líkama, eitthvað sem er staðsett í himni af myndum og ímyndum í okkur og yfir okkur, þar sem sífellt stærri hluti af lífi okkar er lifaður. Mörkin á því sem ekki getur talað við okkur, hið óímyndaða, er ekki lengur til. Við skiljum allt, og við skiljum allt vegna þess að við höfum látið allt snúast um okkur. Allir þeir sem hafa í dag einbeitt sér að því sem er hlutlaust, neikvætt, ómanneskjulegt, hafa snúið sér að tungumálinu, þar sem það óskiljanlega og framandlega hefur verið sótt þangað, eins og það væri hægt að finna þetta á jöðrum hins manneskjulega, með öðrum orðum á mörkum þess sem við skiljum

og auðvitað er það í raun og veru rökrétt: því hvernig annars væri hægt að finna það í heimi sem viðurkennir ekki neitt sem stendur utan við hann?⁴⁶

Knausgárd lýsir hér ákveðnu andófi gegn þeirri hugmynd að líta á heiminn sem einungis safn af táknum sem í raun og veru hafa aðra merkingu. Hann gagnrýnir þá sem hafa einbeitt sér að tungumálinu til þess að finna svör við því sem liggur utan við okkar heim, og á þá líklega við þá fræðimenn og heimspekinga sem hafa gert merkingu tungumálsins að viðfangsefni sínu, eins og í því væri að finna ástæðu fyrir tilgangi lífsins. Að sama skapi er Knausgárd hér í leit að æðra lífi sem ekki er að finna í okkar heimi.

En hvers vegna skiptir raunveruleikinn sem vísað er í svona miklu máli þegar talað er um sjálfsvævisögur? Falsaðar sjálfsvævisögur, s.s. eins og *A Million Little Pieces* eftir James Frey og *Bruchstücke* eftir Benjamin Wilkomirski, eru góð dæmi um hvernig lesendur bregðast við þegar kemur í ljós að meintur raunveruleiki reynist vera falsaður.⁴⁷ James Frey gaf út bók sína *A Million Little Pieces* undir yfirskriftinni að hún væri byggð á lífi höfundarins en í bókinni er fylgst með aðalpersónunni takast á við áfengis- og vímuefnafíkn. Bókin var valin bók mánaðarins af bókaklúbbi Oprah Winfrey, sem síðar kom upp um „svik“ höfundarins. Frey var sakaður um að hafa logið að lesendum sínum en hann sagði að útgefandi hans hefði sannfært hann um að bókin myndi seljast betur ef hún væri titluð sem æviminningar.⁴⁸ Benjamin Wilkomirski tók þetta skrefinu lengra en hann laug til um að hafa verið fórnarlamb helfararinnar í seinni heimsstyrjöldinni. Hann hélt því statt og stöðugt fram að hann hefði bjargast sem barn úr útrýmingarþúðum nasista, en þegar sagnfræðingar skoðuðu bók hans nánar kom í ljós að frásögnin var fölsuð.⁴⁹

⁴⁶ Karl Ove Knausgárd, *Min kamp 1*, Oslo: Forlaget Oktober, 2009. Bls 224: *Alt har blitt ånd, selv kroppene våre, de er ikke kroppene lenger, men idéer om kropp, noe som befinner sig i himmelen av bilder og forestillinger i oss og over oss, hvor en stadig større del av våre liv blir levd. Grensene mot det som ikke taler til oss, det ubegripelige, har blitt opphevet. Vi forstår alt, og det gjør vi fordi vi har alt om til oss selv. Typisk nok har alle de som har bekjefteget sig med det nøytrale, det negative, det ikke-menneskelige i kunsten, i vår tid vendt sig mot språket, det er der det uforståelige og fremmede har blitt søkt, som om det var i randsonen av selve det menneskelige uttrykkssett det befant seg, altså i utkanten av det vi forstår, og det er jo egentlig lokisk: hvors ellers skulle det finnes i en verden som ikke lenger anerkjenner det som er utenfor dem?*

⁴⁷ Smith og Watson, 2001. Bls 101.

⁴⁸ Sama heimild. Bls 37.

⁴⁹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Blekking og minni: Benjamin Wilkomirski og helfararfrásagnir, *Skírnir*, 3.tbl. 2006. Bls. 39-51.

Við erum meðvituð um að það sem sjálfsævisöguhöfundur ákveður að segja lesendum sínum sé alltaf bundið hans veruleika. Watson og Smith vitna í Stanley Fish sem segir: „Sjálfsævisagnahöfundar geta ekki logið vegna þess að allt sem þeir segja, eins ósatt og það getur verið, er sannleikurinn um þá sjálfa, hvort sem þeir vita það eða ekki.“⁵⁰ Þannig er allt sannleikur sem höfundurinn ákveður að segja okkur því fyrir honum er það satt og rétt, óháð ytri veruleika. Við sem lesendur höfum samt ákveðið vald yfir því hvað við tökum alvarlega og hvað ekki. Við getum flett upp staðreyndum og veruleika um þann tíma sem höfundurinn segir frá. Við getum ekki efast um að höfundurinn muni ákveðin atriði, vegna þess að það er eitthvað sem gerist innra með honum sjálfum.

Hins vegar verður einnig að horfa til þess að veruleiki höfundarins skiptir máli í viðtökum lesenda, eins og hefur komið fram í falsmálum á borð við mál þeirra Wilkomirski og Frey. Smith og Watson spyrja því hversu mikið megi útvíkka hinn sjálfsævisögulega samning áður en hann brotnar. Þær tengja þennan þorsta lesenda eftir að fá sannanir á því lífi sem sagt er frá, við aukinn áhuga á lífi fólks og náinni fjölmiðlaumfjöllun um hina ríku og frægu og þann vilja að fá að taka þátt í þjáningu annarra. Í texta þeirra er gefið í skyn að þetta sé tiltölulega nýr vandi lesenda.⁵¹ Ekki er þó hægt að líta framhjá því að það sem aðgreini sjálfsævisögur frá öðrum skáldskap sé þessi vísun í raunveruleika sem við lítum á sem sannan. Það ætti því ekki að koma á óvart að lesendur taki því illa þegar þeir komast að því að þeir hafi verið vísvitandi blekkir.

Tvöfaldur samningur

Sumir hafa haldið því fram að Norðurlandabúar hafi verið uppteknari af tengslum skáldskapar og sjálfsævisagna en aðrir síðustu ár. Fjöldi nýútgefinna bóka um sjálfsævisögulega texta frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku bera þess merki, auk þess sem bækur sem liggja á þessum mörkum fá mikla fjölmiðlaathygli í kjölfar útgáfu.⁵²

⁵⁰ Sama heimild. Bls. 15: Autobiographers cannot lie because anything they say, however mendacious, is the truth about themselves, whether they know it or not.“

⁵¹ Sama heimild. Bls. 17.

⁵² Poul Behrendt, „Autonarration som skandinavisk novum. Karl Ove Knausgård, Anti-Proust og Nærværeffekten.“ *Spring* 31-32, 2011.

Danski bókmenntafræðingurinn Poul Behrendt er einn þeirra sem hefur hve mest skrifað um stöðu sjálfsævisögulegra skrifa í Norðurlöndunum í samtímanum.⁵³ Hann fjallar um samband lesanda og höfundar í bók sinni *Dobbeltkontrakten – en æstetisk nydannelse*. Heiti bókarinnar vísar til stöðu sjálfsævisögulegra skrifa í dag þar sem hinn hefðbundni samningur sem Philippe Lejeune vísar til í skrifum sínum á 8. áratugnum verður ekki nægilega ítarlegur til þess að fjalla um þann blendingsskáldskap sem sést hefur á 9. og 10. áratugnum og eftir aldamótin. Tvöfaldi samningurinn sem Behrendt fjallar um felur í sér að lesandinn beri ákveðna ábyrgð á textanum sem hann les, rétt eins og höfundurinn. Lesandinn gengst við þeim skilmálum sem höfundurinn setur en hann verður líka að vera tilbúinn til þess að vera virkur lesandi og skoða textann í því samhengi sem hann er skrifaður í. Behrendt segir:

Það er ekki lengur mögulegt fyrir lesanda, og í þessu samhengi á það við um gagnrýnendur, að sitja bara í hægindastólnum með eyrnaskjólín sín og bókinu opna í skauti sér, í þeirri trú að verkið sé í sjálfu sér ein heild sem skuli vega og meta í einrúmi, óháð heiminum sem stendur fyrir utan verkið. Gagnrýnandinn verður að slökkva á kertinu, tæma glasið, standa upp úr stólnum og hafa eyru og augu á jafn mörgum stilkum og undarleg planta, sem dúkkar upp í listgarði 10. áratugarins. Tvöfaldi samningurinn krefst jafnmikils af lesanda sínum og af höfundinum. Því tímabili er lokið þar sem gagnrýnandi getur dregið töfrahring skáldskaparins um staðreyndir sögunnar, aðeins vegna þess að rithöfundurinn hefur breytt einu nafni. Það er ósanngjarnt að rithöfundur með tvö höfuð mæti lesanda með höfuðið undir handleggnum.⁵⁴

Behrendt vísar hér í þær breytingar sem minnst var á áður, og þá blöndun sannleika og skáldskapar sem varð með póstmódernismanum. Eitt einkenni póstmódernísku skáldskapar er, eins og áður hefur verið getið, að hann vísar stöðugt út fyrir sig, er oft endurvinnsla á öðru efni og blandar saman mörgum mismunandi miðlum til þess að skapa nýja texta. Í slíku umhverfi getur verkið aldrei staðið eitt og sér, heldur er alltaf í tengslum við veruleika sinn. Þegar Behrendt talar um tvöfalda samninginn á hann því við að það sé ekki nóg að lesandinn þurfi að treysta höfundinum, eins og hinn sjálfsævisögulegi samningur Lejeunes gefur til kynna, heldur verður höfundurinn einnig að geta treyst lesandanum til þess að vera virkur lesandi.

Behrendt notar hugmyndir Lejeunes og mótar þær þannig að þær virki fyrir bókmenntaumhverfi samtímans. Lejeune skrifaði greinina um hinn sjálfsævisögulega

⁵³ Behrendt, Poul, *Dobbeltkontrakten – en æstetisk nydannelse*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2006.

⁵⁴ Sama heimild. Bls. 30-31.

samning rétt áður en miklar umræður urðu meðal rithöfunda á notkun veruleika og skáldskapar þegar skrifað var um sjálfið. Behrendt fjallar um hugtakið autofiction en módel Lejeune gerði ekki ráð fyrir því að hægt væri að titla bók sem skáldsögu þegar höfundur, sögumaður og sögupersóna bæru sama nafn. Það gerðist þó aðeins stuttu eftir að bók Lejeunes kom út, með bók höfundarins Jacques Lanzmanns *Le Tetard* þar sem höfundurinn sagði í formála bókarinnar að hér væri á ferð sannleikur um æsku hans, en á kápu bókarinnar stóð skáldsaga.⁵⁵

Greining Behrendt felur að einhverju leyti í sér að hugmyndir Lejeune og samferðarmanna hans séu úreltar í bókmenntaumhverfi dagsins í dag. Nýjar hugmyndir um sjálfsævisögur og verk sem standa á mörkum skáldskapar og sjálfsævisögu verða að taka tillit til þess að lesandinn er ekki í tómarúmi:

Það er að segja, að tvöfalda samningurinn gerir ráð fyrir og fellir úr gildi á sama tíma þann túlkunarfræðilega mun milli empirísku og óbeins höfundar annars vegar og milli empirísku og fyrirfram ákveðins lesanda hins vegar. Nú þegar af þeirri ástæðu að gert er ráð fyrir að lesandinn geti staðið upp úr stólnum sínum, teygt sig eftir öðrum bókum, orðabókum, orðasöfnum – eða skráð sig inn á leitarvél á netinu.⁵⁶

Staða lesandans er því allt önnur í samtíma okkar en ef bækur Knausgárds hefðu komið út fyrir fimmtíu árum. Lesandinn hefur mun betri aðgang að upplýsingum sem ekki eru til staðar í texta bókarinnar sjálfar, og hann hefur ekki bara val, heldur er erfitt fyrir hann að komast hjá þessum upplýsingum.

Höfundurinn býr yfir ákveðnu valdi til þess að skrifa textann á þann hátt sem hann velur. Hann getur hins vegar ekki haft áhrif á skilning lesandans á textanum, og þaðan af síður takmarkað aðgengi hans að þeim upplýsingum sem eru til staðar fyrir utan það efni sem er innan bókakápunnar.

Paratexti

Gerard Genette gaf út bókina *Seuils* árið 1987 í Frakklandi þar sem hann skilgreinir hugtakið paratexti. Það er hugtak sem notað er um allan þann texta sem liggur utan við

⁵⁵ Behrendt, 2006. Bls. 50.

⁵⁶ Sama heimild. Bls. 60.

texta bókarinnar sjálfrar.⁵⁷ Þá er átt við káputexta og -útlit, titla, höfundarnafn, texta á innkáu um höfundinn, auglýsingar um óútkomið verk, greinaskilgreining útgefanda, viðtöl við höfundinn og greinar, umfjallanir og ritdóma sem koma út eftir útgáfu bókarinnar. Eins og Genette kemur oft inn á í bók sinni er athugun á paratexta bóka sérstaklega áhugaverð þegar kemur að sjálfsævisögum.⁵⁸

Genette vitnar mikið í samlanda sinn, Lejeune, þar sem hann segir að paratextinn gegni lykilhlutverki í að greina verk sem sjálfsævisögulegt, sem og að koma á hinum sjálfsævisögulega samningi. Það gerist ekki endilega innan textans sjálfs, heldur miklu frekar í paratextanum, með undirtitli, höfundarnafninu og umfjöllun um bókina. Þetta má kannski sérstaklega hafa í huga þegar talað er um hinn vinsæla skáldævisöguflokk. Hugtakið er yfirleitt alltaf notað í umfjöllun um bókina, en ekki í textanum sjálfum. Sú tilhneiging að þurfa að taka það sérstaklega fram að hér sé á ferð blanda af skáldskap og sjálfsævisögulegum minningum er frekar nýtt af nálinni, en lesendur gerðu oftár ráð fyrir þessum tengslum áður.⁵⁹

Það er því líka paratexti bókarinnar sem gefur til kynna að hér sé eitthvað óvenjulegt á seyði, að lesandinn þurfi að hafa varann á þegar hann les bókina. Lesandinn eigi hafa í huga að hér sé rithöfundurinn að fórna sinni eigin sögu að einhverju leyti en að hann afsali sér þó ábyrgðinni á þeirri blöndun á skáldskap og sannleika sem á sér stað. Paratextinn hefur yfirleitt alltaf það markmið að lesandinn túlki textann sjálfan á „réttan hátt,“ þ.e. þann hátt sem rithöfundurinn sjálfur hafði hugsað sér í upphafi. Rithöfundurinn getur líka haft það að markmiði að textinn verði umdeildur.⁶⁰ Titill bóka Knausgárd er gott dæmi um slíkan paratexta.

Bók Genette kom, eins og áður sagði, fyrst út árið 1987 og hafði þá mikil áhrif á viðtökufraeði og hvernig litið var á bókmenntaverk sem eina heild. Þar sem að kenningar Genette snúast fyrst og fremst um ytra umhverfi bókmenntaverka þá má segja að sú upplýsingamiðlun hafi kollvarpast á þeim tíma sem hefur liðið frá því að bók Genette kom út. Með tilkomu aukinnar tækni og daglegrar notkunar miðla á internetinu hefur umhverfi paratextans þúsundfaldast. Textinn nær nú til mun fleiri lesenda en áður og þeir staðir sem slíkur texti birtist eru ekki jafn takmarkaðir og áður.

⁵⁷ Gerard Genette, *Paratexts: Thresholds of Interpretation*, Cambridge: Cambridge University Press: 1997.

⁵⁸ Sama heimild. Bls 37, 94 og 215.

⁵⁹ Sama heimild. Bls 95.

⁶⁰ Sama heimild. Bls 408-409.

Hægðarleikur er að vippa upp tölvunni eða símanum við lestur og stimpla nöfn persónanna inn í leitarvélina. Þannig stækkar paratexti verksins stöðugt.

Varast verður þó að skoða paratextann einan og sér, án skáldskapartextans sjálfs. Paratextinn er nauðsynleg hækja textans en á ef til vill ekki skilið alla okkar athygli. Auk þess er ekki þar með sagt að hann sinni endilega starfi sínu vel sem hækja. Höfundum og útgefendum getur beinlínis mistekist að miðla þeirri túlkun sem þeir vilja að komist til skila. Paratextinn miðlar þó alltaf ákveðinni merkingu til lesandans.

Lesandinn getur aldrei útilokað þá þekkingu sem hann býr yfir þegar hann kemur að textanum. Þegar sagt er að lesendur ættu að geta útilokað paratextann frá verkinu sjálfu er verið að skapa ómögulegt verkefni, þar sem það verk er ekki lengur til. Genette vísar í hugmyndafræði Wittgensteins og segir að „Það sem við getum ekki hunsað, er betra að vita, eða það er að segja, viðurkenna að við vitum það sem við vitum.“⁶¹

Eitt af því sem Genette kemst að er að rithöfundar sinna starfi sínu sem höfundar paratextans yfirleitt vel, og þeir gera það meðvitað. Þeir gera það ekki án þess að vita af því, eða vegna þess að þeir þurfa þess. Þeir gera það fyrst og fremst til þess að lesandinn túlki verk þeirra á þann hátt sem þeir vilja að komist til skila. Eins og komið hefur fram falla umfjallanir fjölmiðla og gagnrýnenda líka undir paratexta og hafa áhrif á hvernig lesandinn túlkar textann sjálfan. Höfundurinn getur einnig stýrt þessum texta, þó að það sé oft falið. Þessi umfjöllun mótar lesendahópinn og gerir það einnig að verkum að sama verk getur skapað ólíka lesendahópa, eftir því hvar lesendur eru staðsettir í tíma og rúmi. Þannig er paratexti *Min kamp* allt annar í Bandaríkjunum en í Noregi til að mynda.⁶²

Rétt eins og Genette segir þá er ritun á paratexta meðvituð hjá höfundi og útgefanda, þótt aldrei sé hægt að segja til fyrirfram um hvernig fjallað verður um tiltekið verk. Höfundurinn og útgefandinn stýra þó umræðunni að því leyti að þeir ráða hvernig höfundurinn tjáir sig um verkið í fjölmiðlum, hvernig verkið er staðsett innan eða utan bókmenntagreina og á hvað lögð er sérstök áhersla í kynningartexta bókanna.⁶³

Paratexti bóka Karls Oves Knausgárds er í stöðugri mótun og reglulega birtast nýjar greinar um bækur hans. Það sama má segja um fjölmiðlaumfjöllun um einkalíf

⁶¹ Genette, 1997. Bls. 409.

⁶² Komið verður inn á þetta í síðari köflum.

⁶³ Genette, 1997. Bls 410.

hans. Þar sem verkið er svo yfirgripsmikið og fer í smáatriði í einkalífi hans hafa fjölmiðlar og lesendur áhuga á að vita hvað gerist eftir að lestri bókarinnar er lokið. Því hafa lesendur bókanna getað haldið áfram að lesa söguna í gegnum fjölmiðla.

4. Bókmenntagreinar og greinaflokkun sjálfsævisagna

Stigveldi bókmenntanna

Greinaflokkun *Min kamp*, hvaða „genre“ verkið tilheyrir, virðist vera eitt af því sem stendur í lesendum bókanna og hefur komið af stað eldheitum umræðum um hvernig eigi að lesa bókina. Eins og með aðra sjálfsævisögulega texta skiptir samband lesanda og höfundar hvað mestu máli. Lesandinn veit að textinn er sjálfsævisögulegur og þar að auki er frásagnarháttur bókinnar með þeim hætti að hann gefur lesandanum sterkar vísbendingar um að sögumaðurinn segi satt.

Julie Rak hefur rannsakað endurminningabækur og hvar slíkar bækur lenda í bókmenntaumhverfinu í bók sinni *Boom!: Manufacturing the Memoir for the Popular Market* og þá einkum hvaða áhrif þeir stimplar hafa á viðtökur bókanna. Þó að Rak eigi fyrst og fremst við bækur sem falla innan bókmenntagreinarinnar ævi- og endurminningar, gefa rannsóknir hennar góða innsýn inn í hver munurinn er á bandarísku og evrópsku bókmenntaumhverfi, þá sérstaklega þegar kemur að óskálduðum bókmenntum.⁶⁴

Rak bendir á hvernig fræðimenn hafa vísivítandi sveigt hjá þeirri umræðu sem fylgir greinaskiptingu, nema þegar um er að ræða bókmenntir sem liggja á mörkum bókmenntagreina eða bókmennta sem reyna að hrista upp í greinahugtakinu. Bækur sem fylgja ákveðnum formúlum þykja ekki ómaksins virði.⁶⁵

Rak fullyrðir einnig að þessi takmarkaði áhugi fræðimanna á bókmenntum sem falla inn í ákveðið greinahugtak sé hægt að rekja til þess að slíkar bókmenntir séu frekar háðar markaðinum en aðrar bókmenntir, og líta þá á markaðinn sem andstæðuna við frumleika eða sköpunargáfu. Bækur sem smellpassa innan ákveðinnar bókmenntagreinar eiga það til að tengjast því sem við köllum fjöldaframleiddar bókmenntir, eins og reyfarar, ástarsögur eða æviminningar. Rak bendir á þann tvískinnung að ætla að líta fram hjá þessum bókmenntagreinum og að markaðurinn sé afl sem einungis hafi slæm áhrif á lesendur sem ættu annars að vera klassískar eða framúrstefnulegar bókmenntir, þegar þetta séu bækurnar sem eru langmest lesnar.

⁶⁴ Julie Rak, *Boom!: Manufacturing Memoir for the Popular Market*, Waterloo, Ontario: Wilfred Laurier University Press, 2013.

⁶⁵ Sama heimild. Bls. 18-19.

Markaðurinn sé ekki bara ósýnilegt stýrivald sem stjórn blindum sálum, heldur séu þetta bækur sem fólk hefur áhuga á að lesa.⁶⁶

Sem betur fer hafa slíkar rannsóknir þó hafist á bókmenntagreinum sem oft hefur verið litið niður á. Þar má helst nefna rannsóknir á fantasíum, skvísúbókmenntum og vísindaskáldskap. En það sem Rak saknar í umhverfi sínu í Norður-Ameríku er að skoðaðar séu óskáldaðar bókmenntir miðað við hversu vinsælar slíkar bókmenntir eru, og þá sérstaklega í Bandaríkjunum. Töluverður munur er á vinsældum slíkra bókmennta í Bandaríkjunum og Bretlandi annars vegar og t.d. Íslandi og Skandinavíu hins vegar. Rak rekur þennan skort á rannsóknum á óskálduðum bókmenntum til nokkurra ástæðna. Í fyrsta lagi séu þær vinsælar, og það þýði þar af leiðandi að þær séu ekki bókmenntalegar. Í öðru lagi sé flokkurinn svo víðtækur og feli í sér óteljandi undirflokkar, þar á meðal uppskriftabækur, ævisögur, sjálfshjálparbækur, sönn sakamál og sagnfræði. Rak bendir einnig á hversu einstök staða óskáldaðra bókmennta sé í hinum enskumælandi heimi, miðað við annars staðar í heiminum. Þetta þekkjum við vel hér á Íslandi, enda engin bein þýðing á *non-fiction*, og sá flokkur er engan veginn af sömu stærðargráðu og er í Bandaríkjunum og Bretlandi. Rak tekur Frakkland sem dæmi en það er heldur ekki til franskt orð yfir *non-fiction*.⁶⁷

En hvar stendur þá sjálfsævisagan miðað við stöðu rannsókna á þessu bókmenntaumhverfi, þ.e. annars vegar óskáldaðar bókmenntir og hins vegar formúlubókmenntir? Rak kemur vissulega úr aðeins annarri átt, þar sem hennar meginsvið fjallar um æviminningabækur en flestir eru sammála um að Knausgård falli ekki inn í þann flokk, einmitt vegna þess að bækur hans eru bókmenntalegar. Eins og Rak bendir á er stöðugt verið að taka bækur sem teljast vera bókmenntalegar úr flokki æviminningabóka og skilja eftir í þeim flokki bækur sem falla iðulega undir lágmenningu. Þannig hefur flokkur sjálfsævisagna verið á stöðugum flóttu undan flokki óskáldaðra bókmennta.

Rak segir því að fræðimenn á borð við Lejeune á 7. og 8. áratugnum hafi gert tilraun til þess að gera bókmenntagreinina eins bókmenntalega og skáldsagan sjálf er. Þess vegna þyrfti að gera miklar kröfur til sjálfsævisagnanna, setja flokknum ströng inntökuskilyrði sem aðeins hinar bókmenntalegustu kæmst í gegnum. En þessi skilgreiningarárátta gerði fræðimönnum seinni tíma erfitt fyrir þar sem fáar bækur

⁶⁶ Sama heimild. Bls 20-21.

⁶⁷ Julie Rak, 2013. Bls 21.

komust í gegn og fjöldi verka varð umkomulaus, passaði ekki inn í flokkinn en passaði heldur ekki inn í aðra flokka.⁶⁸ Smith og Watson hafna þessum hugmyndum með því að telja upp fjölda bókmenntagreina sem allar gætu talist sjálfsævisögulegar og eru mjög ólíkar.⁶⁹ Julie Rak vill fremur líta á hið sjálfsævisögulega eins og de Man, að það sé allt í kringum okkur og felist að miklu leyti í því hvernig lesandinn ákveður að lesa bókmenntaverk.⁷⁰

Rak bendir þó á að við þurfum ekki að henda sjálfsævisögulega samningi Lejeune í ruslið. Samningurinn er ekki á milli fræðimanna og rithöfundar, heldur hvernig lesandinn ákvarðar paratexta hvers verks, hvað hann veit um höfundinn og verkið áður en hann byrjar á sjálfu verkinu. Þá skipti það einnig miklu máli inn í hvaða bókmenntagrein höfundurinn sjálfur staðsetur verkið, sem og útgefandinn. Bókmenntagreinar og greinaskipting hafa ákveðinn þekkingarfræðilegan valdastrúktúr, þar sem skiptir máli hvar hvert verk er staðsett og hvaða áhrif það hefur á hvernig lesandinn les verkið.⁷¹

Rak bendir á mörg áhugaverð atriði er varða sjálfsævisögur og endurminningabækur, hvar munurinn liggir, hvernig markaðurinn og viðtökurnar hafa áhrif á þessa bókmenntagrein og hvaða vandamál geti komið upp við rannsóknir á slíkum bókmenntum. Bækur Knausgárd falla þá einmitt inn í þann flokk bókmennta sem fær þá akademísku athygli sem Rak spáir fyrir, þ.e. þar sem að bókin liggur á mörkum bókmenntagreina fær hún verðskuldaða athygli. Hún er bókmenntaleg og er því ekki sett í hóp með endurminningabókum, höfundurinn reynir stöðugt að slíta sig frá því formi sem bókmenntasagan hefur gefið honum. Lengdin eins og sér gefur honum ákveðna sérstöðu frá endurminningabókmenntum.

Ólík greinaflokkun *Min Kamp* eftir útgáfulöndum

Bók Julie Rak gefur góða mynd af þróun og stöðu endurminningabókmennta í Bandaríkjunum en hún gefur einnig góða innsýn inn í útgáfuheim Bandaríkjanna á óskálduðum bókmenntum. Sá heimur er gjörólíkur útgáfuumhverfi hér á landi sem og í Skandinavíu og getur skýrt að mörgu leyti ólíkar viðtökur bóka Knausgárd í þessum löndum.

⁶⁸ Rak, 2013. Bls 25.

⁶⁹ Smith og Watson, 2001. Bls. 253-286.

⁷⁰ Rak, 2013. Bls 22.

⁷¹ Sama heimild. Bls 26-27.

Sá munur felst í grunninn á vinsældum óskáldaðra bókmennta í þessum löndum og málsvæðum og þeirri venju að lesendur hafi aðgang að lífi höfundanna í gegnum bókmenntirnar. Sumir sögðu að Knausgård hefði valdið svo miklum vatnaskilum í Noregi vegna þess að þar væri einfaldlega engin hefð fyrir því að höfundar notuðu sitt eigið líf sem grunn að skáldskap.

Hér á Íslandi er algengt að lesendur reyni að lesa líf höfundanna í gegnum verkin, kannski vegna smæðar samfélagsins. Þá hafa ævisögur notið mikilla vinsælda gegnum tíðina, auk þess sem undanfarna tvo áratugi eða svo hafa komið út fjölmörg athyglisverð sjálfsævisöguleg verk eftir rithöfunda, t.d. verk Einars Más Guðmundssonar, Auðar Jónsdóttur, Sigurðar Pálssonar og Guðbergs Bergssonar. Undanfarna áratugi hafa sænskar bókmenntir sem eru mörkum sannleika og skáldskapar vakið mikla athygli, (Lars Norén, P.O. Enquist, Daniel Sjölin o.fl.) og sumir gagnrýnendur Knausgårds sögðu að þar sem hann byggi að miklum hluta í Svíþjóð væri þetta aðeins hefð sem hann væri að skrifa sig inn í þar og því væri *Min kamp* í raun aðeins eftirherma af þessari hefð.⁷²

Bækur Knausgårds eru titlaðar á ólíkan hátt eftir löndum, og þá er sérstaklega munur á því hvort tekið sé fram á kápu eða titilsíðu hvort um skáldsögu sé að ræða. Norsku útgáfunar af bókunum eru allar titlaðar sem „skáldsaga“ á kápu og saurblaði eins og komið hefur fram. Hið sama á ekki við um ensku útgáfunar, né þær sænsku. *Min kamp* hefur selst afar illa í Frakklandi, fyrsta bindið var þýtt árið 2012 og seldist þá í aðeins 326 eintökum (talan hefur líklega eitthvað hækkað síðan). Sumir hafa sagt að þessar óvinsældir megi rekja til þess að þessi sjálfssöguhefð sé það rík í Frakklandi að þeir líti niður á Knausgård. Fyrir þeim séu þetta þær einu sönnu formúlubókmenntir.⁷³ Bókin seldist illa í Þýskalandi, og má það að öllum líkindum rekja til vísunarinnar sem birtist í titlinum þótt honum hafi verið sleppt í þýsku þýðingunni. Í Bretlandi voru undirtitlarnir láttnar duga, og *My Struggle* ekki haft með. Titill fyrstu bókarinnar er þannig *A Death in The Family*.

⁷²Jan Kjærstad, „Den som ligger med næsen i grusen“ *Aftenposten*, 2010.

⁷³Arnaud Schmitt & Stefan Kjerkegaard, „Karl Ove Knausgaard's My Struggle: A Real Life in a Novel.“ *a/b: Auto/Biography Studies*, útg. 31, tölublað nr. 3, 2016. Bls. 553-579.

Einnig: Lawrence Marie, „Why Karl Ove Knausgaard is not yet such a big deal in France“, *French Embassy in the United States*, 9. júní 2014. Sótt 29. desember 2016 af slóðinni: <http://frenchculture.org/books/news/why-karl-ove-knausgaard-norwegian-proust-not-yet-such-big-deal-france>.

Sjálfsævisaga Knausgård er bókmenntaleg sjálfsævisaga, en höfundurinn segir sjálfur að hann sé að segja sannleikann. Samt sem áður er hugtakið „autofiction“ iðulega notað til þess að lýsa bókinni, þar með talið á kápu bókarinnar (aftan á 6. bindi sænsku þýðingarinnar stendur: „Med sjätte delen avslutar Karl Ove Knausgård sin episka autofiktiva roman *Min kamp*.“ Eða: „Með sjötta hlutanum lýkur Karl Ove Knausgård epískri skáldsævisögulegri skáldsögu sinni *Min kamp*.“) ⁷⁴ Þetta er áhugaverð notkun á hugtakinu og er lýsandi fyrir þann flokkunarvanda sem virðist loða við verkið.

Sannleiksgildi textans hefur í raun enga merkingu eitt og sér, þ.e. það skiptir ekki máli hvort að Knausgård sé að segja ósatt eða ekki. Það sem skiptir máli er að textinn sé lesinn sem sannleikur og sá skilningur sé hluti af verkinu sjálfu. Stöðugt er verið að segja lesandanum í texta sjálfra bókanna að hér sé verið að segja sannleikann. Í paratexta bókanna birtast ólíkar upplýsingar og því er ekki óeðlilegt að þetta sé atriði sem standi í lesendum.

Í sjötta bindinu tjáir Karl Ove sig síðan um það ferli að gefa út verkið. Þar kemur skýrt fram að ástæðan fyrir því að hún sé merkt sem skáldskapur sé fyrst og fremst vegna réttindamála. Einnig segir Karl Ove oft hvert sé markmið bókanna:

- Hefurðu fengið fleiri tölvupósta?
- Já. Einn frekar langan. Hann hótar að stefna mér. Hann segir að hann geti sýnt fram á að ég sé að ljúga. Ég veit ekki hvernig ég á að bregðast við þessu. Ég veit ekki einu sinni hvort hann hafi rétt fyrir sér. Já, að ég hafi sem sagt ýkt.
- En þetta er jú skáldskapur Karl Ove.
- Jú, en heila málið er að þetta eigi að vera satt.
- Það er ekki víst að þú og hann hafi upplifað það sama.
- Nei, en það er heldur ekki vandamálið. Þetta fjallar um staðreyndir. ⁷⁵

⁷⁴ Karl Ove Knausgård, *Min kamp 6*, Stockholm: Norstedts, 2013.

⁷⁵ Sama heimild. Bls 252.:

- Har du fått fler mejl?
- Ja. Ett jättelangt. Han hotar mot stämning. Hann säger att han kan bevisa att jag ljuger. Jag vet inte riktigt hur jag ska förhålla mig till det. Jag vet helt ekelt inte om han har rätt. Ja, att jag skulle ha överdrivit alltså.
- Men det er nu en roman, Karl Ove.
- Jo, men hela poängen med den är ju att de ska vara sant.
- Det er inte säkert att du och han har upplevt samma saker.
- Nej, men det är inte där problemet ligger. Det handlar om fakta.

Hér ræðir Karl Ove við konu sína Lindu um erjur hans og frænda síns um efni fyrstu bókarinnar. Hann tekur sérstaklega fram að textinn eigi að vera sannur. Þá verður að hafa í huga að sögumaðurinn Karl Ove er ekki áreiðanlegur sögumaður. Þó að markmiðið hafi verið að hafa textann nærri raunveruleikanum þarf það ekki endilega að hafa tekist. Í þessu textabroti sést hvernig hann dregur þessar efasemdir fram, án þess þó að gera þær að aðalatriði.

Ekki er hægt að skýra fullkomlega hvað það er sem gerir bækurnar misvinsælar eftir löndum, en þó er gott að hafa í huga þessi ólíku umhverfi sem bókin er gefin út í. Þar skiptir ímynd höfundarins líka höfuðmáli. Ef skoðaðar eru umfjallanir um bókina og viðtöl við höfundinn má sjá ólíkar áherslur eftir löndum. Ef við tökum sem dæmi fyrst og fremst Noreg og Bandaríkin, þar sem mest er um dóma og umfjallanir frá þessum tveimur löndum, má sjá hvernig maðurinn Knausgård birtist með ólíkum hætti.

Selfie eða Slow TV? Öðruvísi flokkun sjálfsævisagna

Ein helsta ástæða þess að lesendur áttu svona erfitt með að staðsetja verk Knausgårds innan ákveðinnar bókmenntagreinar ef til vill ekki endilega hversu sjálfsævisöguleg hún er, þótt það líti svo út í fyrstu. Mögulegt er að Knausgård snúi ákveðnum fyrirframgefnum hugmyndum um hlutverk bókmenntanna á haus, og þar af leiðandi verði erfitt fyrir lesendur að setja verkið í flokk með öðrum verkum.

Ný greinaskipting verksins gefur þau skilaboð að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni og því sé ekki hægt setja bækur Knausgårds í flokk með fyrri bókum. Andóf gegn póstmóðernískum aðferðum til þess að tjá sjálfíð í bókmenntum verður til þess að ákveðin vatnaskil verða í greiningu á bókunum. Texti Knausgård gefur það til kynna að sá tími sé liðinn þar sem ekki er hægt að finna endanlega merkingu og að öll list skipi jafnháan sess í stigveldinu. Knausgård staðsetur sjálfan sig sem rithöfund innan bókmenntakanónunnar með því að nefna reglulega alla þá virtu höfunda sem hann hefur lesið í gegnum tíðina og tekur afstöðu með eða á móti þeim. Þannig skapar hann sér sína eigin arfleifð og mótar stöðu sína sem rithöfundur.

Hluti af þessari hugmynd um nútímann í dag felst í því hversu mikið hið persónulega og opinbera skarast. Marianne Egeland heldur því fram í grein sinni „Anarkjennelse og autensitet i virkelighetslitteraturen“ að skilningur á raunveruleikabókmenntum sé ólíkur milli kynslóða og hvar samúðin liggur eftir aldri

lesenda.⁷⁶ Egeland segist hafa tekið eftir því að hjá eldri kynslóðum liggi samúðin oftar hjá þeim sem fjallað er um í bókmenntunum, á meðan að yngri lesendur og atvinnulesendur geti frekar skilið rökin fyrir því að nýta líf annarra. Þau geti frekar horft framhjá reiði þeirra og verið umburðarlynd gagnvart rithöfundinum. Hugsanlega segir þetta eitthvað um nútímann, þar sem við erum orðin svo vön því að raunveruleikinn og skáldskapurinn blandist að við erum hætt að taka eftir því. Egeland segir að við séum orðin svo vön því að líta á frelsi listamannins sem stærra og rýmra, sem hann nýtir til þess að komast að sínu innra sjálfí í gegnum listina.

Knausgárd boðar einnig ákveðnar breytingar með því formi sem hann hefur valið að segja sögu sína í. Lengd verksins er í ákveðinni mótsögn við sífellt styttri frásagnir sem við segjum af sjálfum okkur í samtíma okkar. Lengdin gengur gegn hraða samfélagsins sem búið er að telja okkur trú um að sé merki nútímans. Hversdagsleikinn sem er settur á svið í verkinu minnir okkur þó á hversu upptekið samfélagið er orðið af einstaklingnum sem persónu sem þurfi að komast að sannleikanum um sjálfan sig.

Marianne Gullestad heldur því fram að það sé hluti af nútímasamfélagi að setja sjálfið fram sem hið mikilvægasta, að vera stöðugt að skapa sjálf sem sé frábrugðið massanum og að þetta sé eitt einkenni aukinnar einstaklingshyggju og veraldaravæðingu.⁷⁷ Knausgárd passar inn í þessa mynd að einhverju leyti, þ.e. sú gríðarlega áhersla á hann sjálfan sem einstakling og hann virðist oftast ekki vera meðvitaður um hvaða afleiðingar það hefur fyrir fólkið í kringum hann, og hann reynir sjaldan að setja sig í spor annarra.

Það má jafnvel segja að *Min kamp* sé sjálfa Karl Ove Knausgárds. Ekki ljósmynd sem sett er á netið, en þó sjálfsmynd sem fangar öll smáatriði, fegraðir eru þeir hlutar sem þurfa á lagfæringu að halda og klippt burt það sem ekki kemur vel út fyrir viðfangið: hann sjálfan. Það sem stríðir á móti þessari hugmynd um Karl Ove Knausgárd sem hina sönnu birtingarmynd nútímans er sú að persónan Karl Ove er í litlu sem engu samræmi við staðalmynd nútímansins og þá sérstaklega ekki við þá tæknivæðingu sem hefur átt sér stað. Hann á ekki heima í hinum stafræna heimi og hann virðist varla eiga farsíma.

⁷⁶Marianne Egeland, „Anarkjennelse og autentisiet i virkelighetslitteraturen“ *Norsk Litteraturvitenskapelig Tidsskrift*, 2015.

⁷⁷Marianne Gullestad, *Everyday Life Philosophers. Modernity, Morality and Autobiography in Norway*, Oslo: Scandinavian University Press, 1996. Heimild fengin frá Paul John Eakin, *Living Autobiographically. How We Create Identity in Narrative*. Ithaca og London: Cornell University Press, 2008. Bls 96-97.

Ef haldið er áfram að reyna að finna flokk fyrir *Min kamp* mætti jafnvel halda því fram að verkið ætti mest skylt við þá tegund raunveruleikasjónvarps þar sem fylgst er með daglegu lífi fólks sem er kennt við frægð og frama, þrátt fyrir að enginn viti í raun og veru fyrir hvað fólkið er frægt.⁷⁸ Í fyrsta lagi er hversdagsleikinn í forgrunni í bæði *Min kamp* og í slíkum raunveruleikabáttum. Í öðru lagi eru þættirnir, rétt eins og bækurnar, skrifaðir eftir handriti og sköpuð frásagnarflétta úr daglegu lífi, þó hún sé ekki til staðar í raun og veru. Í þriðja lagi ganga þættirnir oft út á að tryggja stöðu fólksins innan ákveðinnar elítu með því að benda á hversu vel þau eigi heima innan hennar í þáttunum. Þannig fer frægðin og staðfesting hennar í hringi, þar sem þættirnir gera fólkið frægt, en þættirnir eru eingöngu til vegna þess að gert er ráð fyrir því að þau séu fræg. Í raun er hægt að segja það sama um *Min kamp* Knausgárds. Hann staðsetur sig innan kanónunar og réttlætir þannig sín eigin skrif, sem eru þó ástæða þess að hann geti mögulega átt sess innan téðrar kanónu.

Þó er kannski nærri lagi að segja að bækur Knausgárds séu skyldari nýrri hreyfingu sjónvarpsefnis sem kallast Slow TV, en það gengur út á að taka upp efni í langan tíma í senn sem virðist ekki áhugaverður, hefur ekki frásagnarfléttu eða atburðarás. Upphaf þessarar bylgju má einmitt rekja til Noregs árið 2009, þar sem norska ríkissjónvarpið ákvað að senda út í beinni útsendingu sjónarhorn lestarstjóra sem keyrði milli bæja í Suður-Noregi í sjö tíma. Útsendingin hét *Bergsbanen - Minutt for minutt*. Síðar hefur Slow TV fengið fastan sess í norsku sjónvarpi með útsendingum, til að mynda frá fuglabjargi í átta tíma, kórtónleikum í sjö tíma og snekkjuferð í 379 tíma. Íslenska ríkissjónvarpið hefur einnig gert tilraunir með þetta form, annars vegar með sauðburð í beinni útsendingu í einn sólarhring og bílferð hringinn í kringum landið með undirspili eftir hljómsveitina Sigur Rós.⁷⁹

Þessi tvö form sjónvarpsefnis segja okkur mögulega eitthvað um menningarumhverfi í dag, sem er þó sjaldan tekið til greina þegar kemur að því að skoða bókmenntir. Getur verið að bókmenntir nútímans eigi meira sameiginlegt með sjónvarpsefni en bókmenntum síðustu áratuga?

⁷⁸Um slíka þætti eru ótal dæmi. Frægustu þættirnir sem falla undir þennan flokk eru líklega *Keeping up with the Kardashians* þar sem fylgst er með daglegu lífi Kardashian fjölskyldunnar. *The Osbournes* var vinsæll sjónvarpsþáttur upp úr aldamótum sem fjallaði um fjölskyldu rokkstjórunnar Ozzys Osbournes, sem og þáttur ungstirnins Parisar Hilton.

⁷⁹ *Ríkisútvarpið*, 2015: <http://www.ruv.is/frett/beint-fra-burdi-0> og <http://www.ruv.is/routeone>

5. Viðtökur verksins

„Heiðarleg aðferð við að skrifa góðar bókmenntir“ – Viðtökur í Noregi.⁸⁰

Miðað við skilgreiningu Genette á paratexta og hvað felst í viðtökum á þeim texta sem stendur utan við sjálfst skáldverkið sjáum við að bókmenntir geta breyst eftir því í hvaða umhverfi þær eru lesnar. Ef skoðaðar eru viðtökur bókanna eftir löndum má sjá hvernig textinn breytist eftir því hvaða upplýsingar flytjast með textanum til lesenda. Hér á eftir verða viðtökur bókanna bornar saman eftir löndum og hver munurinn er á því hvernig skrifað var um bækurnar á opinberum vettvangi. Farið verður yfir hvernig paratexti bókanna breytist og verður hluti af verkinu sjálfu. Löndin sem verða skoðuð sérstaklega eru Noregur, Svíþjóð og Bandaríkin, þar sem bækurnar hafa selst best í þessum löndum.

Tæpum mánuði fyrir útgáfudag fyrsta bindis *Min kamp* í Noregi tilkynnti Knausgárd útgáfu bókanna í viðtali við blaðamann *Dagbladet* þar sem hann sagði að „*Min kamp* [væri] frekar róttækt verkefni.“⁸¹ Hann tók það fram strax að von væri á sex bindum sem fjölluðu um hans eigið líf. „Markmiðið með *Min kamp* er að komast eins nálægt minni eigin upplifun af raunveruleikanum og hægt er. Til þess að skapa eins nálæga mynd af heiminum og mögulegt er nota ég sjálfan mig og mína eigin sögu.“⁸² Knausgárd var þekktur í norsku bókmenntaumhverfi á þessum tíma en hann hafði fengið góða dóma fyrir fyrstu tvær skáldsögur sínar. Þar að auki hafði hann skrifað fjölda greina og unnið hjá ýmsum menningarfjölmíðlum á yngri árum. Í viðtalinu við *Dagbladet* segist hann ekki hræðast viðtökur bókanna. „Ég er spenntur að sjá hvernig henni verður tekið, en ekki hræddur. Það hefur verið mjög mikilvægt fyrir mig að vera sama. Ég hefði verið ófrjáls ef ég hefði þurft að hugsa um viðtökurnar. Það var mjög mikilvægt fyrir mig að vera frjáls.“⁸³

⁸⁰Gro Jørstad Nilsen, „Ikke judaslitteratur.“ *Aftenposten*, 22. desember 2009. Sótt 3. janúar 2017 af <http://www.aftenposten.no/meninger/debatt/Ikke-judaslitteratur-236782b.html>.

⁸¹Jan Thomas Holmlund, „har skevet seksbinds roman om eget liv,“ *Dagbladet*, 27. ágúst 2009. Sótt 7. janúar 2017 af http://www.dagbladet.no/2009/08/27/kultur/litteratur/karl_ove_knausgard/bokhosten_2009/7828935/

⁸²Sama heimild: „Prosjektet med «Min kamp» er å komme så nær min egen opplevelse av virkeligheten som det er mulig å komme. For å skape et så stort nærvær av verden som mulig bruker jeg meg selv og min egen historie,“

⁸³Sama heimild: Jeg er spent på hvordan den blir mottatt, men ikke redd. Det har vært veldig viktig for meg å gi faen. Jeg ville vært ufri hvis jeg tenkte på mottakelse. For meg er det veldig viktig å være fri.

Það leið ekki langur tími frá því að fyrsta bókin kom út í Noregi þar til að Knausgård tilkynnti að hann myndi ekki veita fleiri viðtöl í bili.⁸⁴ Hann sagði að hann hefði ekkert að segja, og hefði aldrei haft, fyrir utan það sem hann væri nú þegar búinn að skrifa um. Honum þótti spurningar blaðamanna undarlegar, spurningar á borð við hvort hann hefði sofið hjá unglingum helltust yfir hann aftur og aftur. „Um hvað snýst þetta eiginlega? Að lesendurnir eigi rétt á að vita hvort að höfundurinn sé barnaperri? Af hverju ætti ég að svara þeim?“⁸⁵ Í staðinn fyrir viðtöl tóku því við bókadómar og gagnrýni og almenn umfjöllun um bækurnar í Noregi. Fyrstu viðbrögð gagnrýnenda voru mjög jákvæð, og fáir spurðu þeirra spurninga sem síðar komu upp, um hvernig lesa ætti textann, hvort að hér væri á ferð skáldskapur eða raunveruleiki eða hvort að Knausgård hefði misnotað sér aðstöðu sína.

Gagnrýnendur, flestir bókmenntafræðingar eða fólk á sviði menningar, veittu lestrinum litla mótstöðu, eins og rithöfundurinn Jan Kjærstad benti síðar á.⁸⁶ Gagnrýnendur settu verkið í samhengi við fyrri verk höfundar en lásu líka fyrsta bindið sem eina heild, þótt þeir væru meðvitaðir um að hér væri á ferð aðeins fyrsti af sex hlutum. Fyrsti hlutinn var strax orðaður við ýmis verðlaun í Noregi og Knausgård nefndur í samhengi við aðra norska rithöfunda sem hafa náð hve lengst, Knut Hamsun, Henrik Ibsen og Jon Fosse sem dæmi. Hann hlaut síðan Brageprisen, virtustu bókmenntaverðlaun Noregs, fyrir fyrsta bindið árið 2009. Þegar grein Kjærstad birtist fyrst í *Aftenposten* í janúar 2010 vakti hún hörð viðbrögð en var aðeins fyrsta af mörgum umræðum sem spruttu upp í kringum verk Knausgård í Noregi. Í fyrstu ritdómunum var stórum staðhæfingum varpað fram, eins og að Knausgård hefði fundið upp nýtt skáldskaparform og að hér væri á ferð einstakt verk.⁸⁷

Það er vissulega hægt að taka undir að þetta hafi verið einstakt verk, þó það sé ekki nema fyrir lengdina sjálfa. En að Knausgård hafi fundið upp nýtt skáldskaparform er líklega heldur langt seilst. Hvort að þessi staðhæfing sé sett fram vegna ólíks bókmenntaumhverfis í Noregi miðað við til dæmis hér á landi eða hvort að bókin hafi raunverulega haft slík áhrif á gagnrýnandann er ómögulegt að segja til um. Einnig er

⁸⁴ Ingrid Marie Treborg, „Her er Knausgårds alle siste intervju.“ *TV2*, 22. nóvember 2009, sótt 7. janúar 2017 af: <http://www.tv2.no/a/3342545>.

⁸⁵ Sama heimild.

⁸⁶ Jan Kjærstad, „Den som ligger med næsen i grusen“ *Aftenposten*, 2010.

⁸⁷ Jørgen Lorentzen, „Romanens død,“ *Aftenposten*, 11. janúar 2010. Sótt 30. desember 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/kronikk/Romanens-dod-233958b.html>.

áhugavert að slíkar staðhæfingar hafi verið settar fram þegar einungis hluti af verkinu var komið út.

Hrifnir lesendur þurftu þó ekki að bíða lengi eftir næsta bindi. Fyrsta bindið kom út 22. september 2009 og annað bindið kom út aðeins tveimur mánuðum seinna. Annað bindi vakti einnig lukku en þar sem spurningar höfðu vaknað innan norsks samfélags hvort verkefni Knausgárds ætti rétt á sér má sjá ákveðið hik hjá gangrýnendum. Ingunn Økland gagnrýnandi hjá *Aftenposten* segir:

En er þetta allt í góðu, bara vegna þess að þetta eru góðar bókmenntir? Mér finnst ekki. Siðferðislega er *Min kamp* mjög umdeilanleg. Hluti af fjölskyldu Knausgárds hótaði að höfða mál gegn Knausgård eftir að fyrsta bindið kom út. Það mun aldrei koma að því. En það er ekki erfitt að skilja þessi viðbrögð. Já, mikill fjöldi fólks verður sár yfir þessu verki. Persónugalleríið er gríðarstórt og flestar persónurnar eru tengdar við eitthvað sem gæti verið særandi.[...]

En það er ekki aðeins ævi aðstandendanna sem er uppljóstrað um. Knausgård staðsetur sjálfan sig í frásögnina á hátt sem hefur virkni aftur fyrir sig, um allt höfundarverk hans.

Tvö dæmi: Frumraunin *Ute av verden* (1998) segir frá kynferðisbroti sem aðalpersónan Henrik Vankel fremur. Annað bindið af *Min kamp* bendir til þess að sú bók hafi einnig verið sjálfsævisöguleg, aðeins dulbúin sem skáldsaga. Skyndilega opnast svarthol undir frumrauninni, þar sem fyrsta spurningin sem kemur upp er auðvitað hvort að höfundurinn taki ábyrgð sem mögulegur gerandi. Já er málið ekki örugglega fyrnt? ⁸⁸

Hér spyr Økland þeirra spurninga sem virðast sitja í norskum lesendum bókarinnar. Getum við samþykkt að höfundur skrifi svona um annað fólk, fólk sem gæti allt eins verið eitt af okkur? Þessi viðbrögð eru alls ekki jafn áberandi í öðrum löndum og má gera ráð fyrir því að þar sem að bókin standi norsku samfélagi mun nær en lesendur annarra þjóða hafi lesendur frekar sett sig í spor fjölskyldumeðlimanna.

⁸⁸ Ingunn Økland, „Hensynsløs skjønnhet,“ *Aftenposten*, 5. nóvember 2009. Sótt 3. janúar 2016: <http://www.aftenposten.no/kultur/Hensynsløs-skjønnhet-235299b.html>.

For er alt i orden, bare fordi det er god litteratur? Jeg mener nei. Etisk er *Min kamp* uhyre diskutabel. Deler av familien til Knausgård truet med rettssak etter at første bind kom ut. De vil aldri komme noen vei med det. Men det er ikke vanskelig å skjønne reaksjonen. Ja, en lang rekke personer vil bli støtt av dette verket. Persongalleriet er enormt, og de fleste «figurene» blir gjenstand for potensielt sårende karakterstikker. [...] To eksempler: Debutboken *Ute av verden* (1998) forteller om et seksuelt lovbrudd som hovedpersonen Henrik Vankel begår. Andre bind av *Min kamp* antyder at også den boken var selvbiografisk, bare lett kamuflert som fiksjon. Plutselig åpnes det en sjakt under debuten, der det første spørsmålet som presser seg på naturligvis gjelder forfatterens eget ansvar som mulig gjerningsmann. Ja, er saken egentlig foreldet?

Bindin á eftir héldu áfram að rokseljast í Noregi, en þriðja, fjórða og fimmta bindi komu öll út á árinu 2010, með stuttu millibili. Bókin var því í raun gefin út í seríuformi. Gert var út á að lesendur biðu spenntir eftir næsta bindi. Það hafði einnig áhrif á viðtökurnar, en í sjötta bindinu koma fram ástæður þess að bækurnar voru gefnar út á þessu formi. Það tengist þá fyrst og fremst því að lesendur yrðu spenntir fyrir því sem væri í raun ekki spennandi og biðu óþreyjufullir eftir að halda áfram að lesa um óáhugavert líf Knausgárds.

Í umfjöllunum um bækurnar fjalla gagnrýnendur og blaðamenn um sín eigin tengsl við höfundinn. Þeir setja sjálfan sig inn í umhverfið sem Knausgárd lýsir í bókum sínum. Þar að auki lýsir Knausgárd sjálfur auðvitað fjöldanum öllum af þekktum persónum í norsku menningarumhverfi í bókunum. Nær allir vinir hans starfa í menningargeiranum, fyrri kona hans er þekkt útvarpskona og seinni kona hans leikkona og rithöfundur. Hann lýsir þannig fólki sem Norðmenn kannast margir við og eru mögulega áhugasamir að fá að vita meira um. Þar að auki eru margir þeir sem hafa skrifað um bækurnar sjálfir sögupersónur í bókunum. Sem dæmi má nefna langt viðtal blaðamannsins og rithöfundarins Tore Renberg við Knausgárd sem birtist í *Samtiden* í janúar 2010.⁸⁹ Renberg er góður vinur Knausgárd og kemur mikið við sögu í fyrsta og fimmta bindi bókarinnar. Þar sem höfundurinn sjálfur ákvað í fyrstu að standa utan við umræðuna um verkin sín, lét verkin tala fyrir sig, birtist hann fyrst og fremst sem þessi maður sem hann skapar í verkinu sjálfu og sem maður sem fólk innan menningarstofnunarinnar þekkti persónulega.

Eitt af því sem er áhugavert við viðtökur bókanna, er að þær endurspeglar illa hvernig textinn er í raun og veru. Þó að fjölmiðlar dragi fram það æsilegasta sem fjallað er um fer langmestur parturinn af bókunum sex í að skýra frá einhverju sem er óáhugavert og leiðinlegt. Þau fáu augnablik sem eru krassandi eru þau sem hafa ratað í fjölmiðla, enda er lítið frétt næmt við að rithöfundur skrifi um morgunvenjur sínar.

Svo virðist sem norskum lesendum hafi þótt nóg um notkun höfundarins á ævi annarra, þótt sú hneykslun hafi kannski hjálpað velgengni bókanna. Það er þá sérstaklega fjórða bókin, þar sem Karl Ove fer átján ára til Norður-Noregs til þess að kenna unglingum og verður heillaður af stúlkum sem hann kennir, sem eru fjórtán og fimmtán ára. Það rímar einnig við fyrstu bók hans *Ute af verden* sem var ekki lesin sem

⁸⁹Tore Renberg og Karl Ove Knausgård, „I røykeavdelingen på havets bunn“, *Samtiden*, 1. tbl. 2010. Bls. 25-46.

sjálfsævisöguleg þegar hún kom út, en hún fjallar um ungan mann sem fer til Norður-Noregs sem kennari og sefur hjá þrettán ára stúlku. Þannig fá lesendur höfundaverksins í raun sönnun á því sem gefið er í skyn annarrar bókarinnar, eins og Økland bendir á í gagnrýni sinni. Knausgård er sjálfur í vafa um það sem gerðist og dregur hann þannig inn í textann sjálfan hvernig minnið og minningarnar eru einnig alltaf hluti af frásögn sem sögumaðurinn mótar sjálfur:

Gerðust hræðilegir hlutir hér? Gerði ég eitthvað sem ég hefði ekki átt að gera? Eitthvað voveiflegt? Ég meina, eitthvað meira en að vera hömlulaus og drukkinn að næturlagi?

Ég skrifaði einu sinni skáldsögu sem gerðist hér. Ég skrifaði hana án þess að hugsa mig tvisvar um. Ég ihugaði ekki sambandið milli skáldskapar og veruleika, vegna þess að heimur opnaðist fyrir mér þegar ég skrifaði, það skipti mig öllu máli í svolitla stund, og það samanstóð að einhverju leyti af lýsingum á raunverulegum byggingum og fólki, þar sem að skólinn í bókinni er skólinn sem ég kenndi við, og síðan af uppskáluduðum hlutum. Það var ekki fyrr en eftir að bókin kom út að ég fór að hugsa hvernig henni yrði tekið hérna í norðrinu, af þeim sem þekktu heiminn sem ég lýsti og vissu hvað af þessu væri satt og hvað væri skáldað. Ég lá oft andvaka af hræðslu á nóttunni. Sagan hafði ekki fallið af hinnum ofan. Þvert á móti hafði hún legið í loftinu. Ég vann sem kennari fyrir norðan í eitt ár, og í þau fáu skipti sem ég gat notið þeirrar tilhugsunar að mæta í vinnuna var það útaf því að hún var þarna. Hún: Andrea.⁹⁰

Gro Jørstad Nilsen skrifaði í *Bergens Tidende* að fjórða bókin væri uppfull af klisjum. Ingunn Økland ber bókina saman við frumraun höfundarins *Ute av verden* en segir þó fjórða bindið vanta þá fagurfræði sem sú bók hafði. Morten Abrahamsen hjá dagblaðinu *VG* heldur því fram að frásagnarhátturinn hafi dalað hjá Knausgård, lesandinn sé mögulega orðin leiður á honum. Marta Norheim hjá norska ríkissjónvarpinu segir að möguleg ástæða sé að bókin er öll skrifuð út frá sjónarhorni

⁹⁰Karl Ove Knausgård, *Min kamp - fjerde bok*, Oslo: Oktober, 2010. Bls. 445-446:

Hendte det forferdelige ting der? Gjorde jeg noe jeg ikke skulle ha gjort? Noe forferdelig? Jeg mener, utrover å rave full og ukontrollert runt om nettene? Jeg skrev en gang en roman som utspilte seg der. Den romanen skrev jeg i blinde. Jeg hadde ikke en tanke for forholdet mellom fiksjon og virkelighet, for en verden åpnet seg når jeg skrev, den betydde en stund alt for meg, og bestod dels av beskrivelser av virkelige bygninger og mennesker, for skolen slik den var da jeg jobbet der, dels av oppdiktete, og først da alt var skrevet og romanen gitt ut, begynte jeg å tenke på hvordan det ville bli oppfattet der oppe, blant de som kjente den verdenen jeg beskrev, og som kunne se hva som var tilfellet og hva som ikke var det. Det hendte jeg lå våken om nettene av redsel for det. Historien var jo ikke tatt ut av luften. Tvert imot, det var i luften den lå. Jeg arbeidet som lærer der oppe ett år, og når jeg av og til kunne glede meg over å skulle gå på jobb om morgenen, var det fordi hun var der.

Hun: Andrea

18 ára stráks, enda kemur sögumaður nútímans aldrei við sögu í fjórða bindi. Þetta verður leiðigjarnt og skortir dýpt að mati Norheim.⁹¹

Það má velta því fyrir sér hvort að Knausgård sjálfur hafi haldið aftur af sér að einhverju leyti eftir þær ásakanir sem hann fékk á sig eftir útgáfu fyrsta og annars bindisins. Hann gekk til að mynda mun lengra í að breyta staðarnöfnum og persónunum í fjórða bindinu en fyrri bókunum. Enn og aftur er það þó skandallinn sem dregur lesendur að bókunum, í þetta skiptið lýsingar Knausgård á kynferðislegum hugsunum sínum í garð unglingsstelpna.

Viðtökur bókanna í Noregi, þrátt fyrir að hafa verið mjög jákvæðar á heildina lítið, einkennast af stöðugri umræðu og deilum um blöndun skáldskapar og raunveruleika í bókunum. Þetta eru klassísk viðbrögð við hinu sjálfsævisögulega í bókmenntum. Þá er sjónarhorn sögumannsins Karl Ove í bókunum þannig staðsett að það gleymist að efast um stöðu höfundarins gagnvart minningum sínum.

25. nóvember síðastliðinn, árið 2016, birtust fréttir um að Knausgård og kona hans Linda Boström Knausgård væru skilin. Í kjölfarið fékk fréttastofa NRK til sín menningarrýninn Agnes Moxnæs til þess að tala um helstu atburðina í lífi Knausgård út frá bókum hans.⁹² Betra dæmi um tengsl skáldskaparins og veruleikans sem vísað er í er vart hægt að finna. Gefið er í skyn að skilnaðurinn hafi í raun áhrif á lestur bókanna. Þannig eru lesendur bókanna enn að stunda ákveðinn lestur, löngu eftir lesturinn á sjálfum bókunum. Raunverulegt líf höfundarins heldur áfram og lesendurnir fylgjast með, rétt eins og um framhald bókanna sé að ræða.

„Ég er ekki nasisti“ - Ný umræða um 6. bindi *Min kamp*⁹³

Sjötta bindi *Min kamp* fékk aðrar viðtökur í Noregi en fyrri bindin fimm enda stendur það örlítið sér á báti þegar kemur að efnistöfum og lengd. Sjötta bindið skrifar Knausgård þegar fyrsta bindið er komið út og því er höfundurinn meðvitaður um hvaða viðtökur bækurnar hafa þá þegar fengið. Í textanum sjálfum bregst hann við því sem

⁹¹ Lars M. Hjorthol, „Knausgård moter blandet kritikk.“ *Varden*, 25. febrúar 2010. Sótt 3. janúar 2017: <http://www.varden.no/kultur/knausgard-moter-blandet-kritikk-1.900744>.

⁹² Kirsti Haga Honningsøy og Eirin Venås Sivertsen, „Knausgård skal skilles.“ *NRK25*. nóvember 2016. Sótt 15. desember 2016: <https://www.nrk.no/kultur/karl-ove-knausgard-skal-skilles-1.13244505>.

⁹³ Karl Ove Knausgård, „Svaret fra Knausgård: Helland forstår ikke skjønnlitteratur“ *Dagavisen*, 10. maí 2015. Sótt 20. desember 2016: <http://www.dagsavisen.no/kultur/svaret-fra-knausgard-helland-forstar-ikke-skjonnlitteratur-1.722583>.

lesendur höfðu að segja um fyrri bækurnar, með beinum og óbeinum hætti og gefur verkefni sínu, bókunum sjálfum, tilgang.

Sjötta bindið gekk að einhverju leyti fram af lesendum bókarinnar, ef marka má þá sem skrifuðu um bindið opinberlega. Hægt er að skipta þessu síðasta bindi gróflega niður í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er umfjöllun um *Min kamp* verkefnið og þær efasemdir sem sögumaðurinn hefur um útgáfu bókanna. Í öðru lagi er 400 blaðsíðna ritgerð í miðju bókarinnar um *Mein Kampf* eftir Adolf Hitler, ævi hans og gjörðir. Í þriðja lagi fjallar Knausgárd ítarlega um þáverandi konu sína, geðræn veikindi hennar og hennar erfiðleika. Seinni tveir þættirnir stóðu þá helst í lesendum. Ritgerðin um nasismann og Hitler fékk aukna umfjöllun eftir að sagnfræðingurinn og þingmaðurinn Sten Reinhard Helland birti grein í tímaritinu *Vinduet*, „Knausgårds „sannhet“ om Hitler og nazismens emosjonelle appell“ eða „„Sannleikur“ Knausgårds um Hitler og tilfinningalegt aðdráttarafl nasismans.“⁹⁴ Helland skýtur föstum skotum að söguskoðun Knausgårds í bókinni en hans helsta gagnrýni er að Knausgárd hafi einfaldað hugmyndafræði nasismans og valið af handahófi þær heimildir sem henti hans málstað best. Í greininni tekur Helland fram að honum finnist fræðasamfélagið hafa hunsað texta Knausgårds og að það sé nauðsynlegt að greina texta Knausgårds og hans fræðirannsóknir, þótt hann sjálfur sé ekki sagnfræðingur. Hann segir að það verði að taka texta Knausgárd eins og hverjum öðrum fræðitexta þó að hann birtist í þessu samhengi skáldsögunnar. Það sé nauðsynlegt að skoða þessa ritgerð höfundarins með gagnrýnum augum, sérstaklega þar sem um sé að ræða svo alvarlegt og viðkvæmt tímabil í mannkynsögunni. Helland bendir þar að auki á þá ábyrgð höfundarins gagnvart lesendum sínum:

Á meðan Knausgárd gat ekki vitað fyrr í skrifunum á skáldsagnaseríunni *Min kamp* hvernig bókunum yrði tekið hjá gagnrýnendum og almenningi, þá vissi hann þegar hann byrjaði á *Min kamp 6* að serían var þegar orðin vinsæl, og að í kjölfarið yrði því tekið alvarlega þegar hann fjallar um jafn eldfimt viðfangsefni og nasisminn er. Það er ekki hægt að gefa mikið fyrir orð Knausgárd þegar hann segir að hann hafi „hreinlega ekki hugsað út í það“ að þessi hluti skrifanna myndi „valda ugg“⁹⁵

⁹⁴ Sten Reinhard Helldand, „Knausgårds „sannhet“ om Hitler og nazismens emosjonelle appell,“ *Vinduet*, 4. tbl, 2015. Bls. 97-123.

⁹⁵ Sama heimild. Bls. 101: Mens Knausgárd tidlig i skrivningen av romanserien *Min kamp* ikke kunne vite noe om hvordan bøkene ville bli mottatt hos kritikere og publikum, så visste han ved oppstarten af MK6 at dette var blitt en suksess, og at han følgelig ville bli fulgt med argusøyene når han nå ga seg i kast med et så brennhett tema. Det er liten grunn til å ta for god

Helland segir að í ritgerð Knausgård sé að finna samúð með nasistum og orsakasamhengi sem sé mjög einfölduð söguskoðun á því sem átti sér stað.

Í kjölfar greinarinnar birtust greinar og viðtöl í fjölmiðlum þar sem Knausgård svaraði Helland:

Það sem ég skal hins vegar gera, er að útskýra hvers vegna bókin er skrifuð á þann hátt sem hún er, þ.e.a.s. hvers vegna hún er uppsett á hátt sem Helland æsir sig yfir. Það er ekki vegna þess að ég sé nasisti, og heldur ekki vegna þess að ég hef samúð með nasistum, heldur vegna þess að ég leitast við að skilja nasismann, með aðferð sem stendur akademíunni fjarri: af innlifun. Til þess að geta skilið *Min kamp 6* er algerlega nauðsynlegt að skilja muninn á milli fagurbókmennta og óskáldaðra bókmennta. *Min kamp 6* er engin ritgerð, ekki fræðilegt verk, ekki rauntexti heldur skáldsaga. Stóri munurinn á ritgerð og skáldsögu, sem ég get séð, er að ritgerð er byggð á staðreyndum, er hlutlæg og er byggð á ígrundaðri röksemdarfærslu en skáldsaga byggir á þeim hluta af raunveruleikanum sem akademían skilur eftir: tilfinningum, skapi, hvötum og straumi undirmeðvitundarinnar.⁹⁶

Vörn Knausgård liggur fyrst og fremst í því hvernig textinn sjálfur sé. Hann heldur því fram að skáldskapurinn verji hann að miklu leyti fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að skrifa á fræðilegum vettvangi um alvarleg málefni á borð við helförina og nasismann. Þar sem að ritgerð hans birtist innan skáldsagnakápunnar hafi hann ákveðið leyfi til þess að útvíkka það rými sem fræðimenn sem fjalla um sama efni hafa ekki. Þetta er áhugavert út frá hugmyndinni um paratexta verksins og sést hér vel hvernig höfundurinn krefst þess að viðhalda því valdi sem hann telur sig hafa yfir textanum. Eins og Genette bendir á í kenningum sínum um paratexta gengur höfundum og útgefendum misvel að koma til skila þeirri merkingu textans sem þeir vildu í upphafi. Þeir nota epitexta verksins, þ.e. það sem birtist um efnið eftir útgáfu verksins, til þess að reyna að hafa áhrif á það, til dæmis með því að staðsetja bókina innan ákveðinnar

fisk når Knausgård offentlig bedyrer at han „slett ikke tenkte på“ at denne delen av skrivingen kunne „skape oppstyr.“

⁹⁶ Karl Ove Knausgård, „Svaret fra Knausgård: Helland forstår ikke skjønnlitteratur“ *Dagavisen*, 10. maí 2016.:

Det jeg derimot skal gjøre, er å forklare hvorfor boken ble skrevet på den måten den ble, altså hvorfor den har det preget som Helland hisser seg sånn opp over. Det er ikke fordi jeg er nazist, det er heller ikke fordi jeg har nazistiske sympatier, men det er fordi jeg forsøker å forstå nazismen, med en metode som står akademia fjernt: innlevelse. Helt avgjørende for å forstå *Min kamp* er å forstå forskjellen på skjønnlitteratur og sakprosa. *Min kamp* er ingen avhandling, intet vitenskapelig verk, ingen sakprosa bok, men en roman. Den store forskjellen på en avhandling og en roman, såvidt jeg kan se, er at en avhandling er saklig, objektiv, og at dens teser argumenteres rasjonelt for, mens en roman bygger på den delen av virkelighetsforståelsen som akademia utelater: følelsene, stemningene, impulsene, de underbevisste strømningene

bókmenntagreinar.⁹⁷ Hér gerir Knausgård hins vegar tilraun til þess að breyta lestri lesenda á bók sinni með því að leiðrétta þann skilning sem hefur þegar myndast.

Það er einnig áhugavert að velta fyrir sér þessum varnarorðum Knausgård út frá öðrum sögulegum skáldsögum um seinni heimsstyrjöldina og önnur stríð. Vörn Knausgård felur það í sér að höfundar og listamenn hafi algjört frelsi þegar kemur að því að beygja sögulegar staðreyndir sér og list sinni í hag. Það sem Helland bendir fyrst og fremst á er að Knausgård hafi auðvitað listrænt frelsi til þess að skrifa um það sem hann vill í skáldsögum sínum. Hann beri hins vegar ábyrgð á því sem hann segir, sérstaklega þar sem hann sé meðvitaður um stærð lesendahóps síns. Helland bendir einnig á að það sé þá hlutverk fræðasamfélagsins og bókmenntastofnunarinnar að benda á það sem rangt er í texta Knausgård.⁹⁸

Það leið ekki á löngu þar til ritstjóri *Vinduet*, Preben Jordal svaraði Knausgård í *Dagsavisen*. Jordal er einn af þeim fjölmörgu sem hafa bæði blandað sér í umræðuna um bækur Knausgård og er einnig persóna í bókunum. Jordal sagði í grein sinni að Knausgård gæti ekki ákveðið hvernig lesandinn túlki bækur hans. Jordal er sjálfur bókmenntafræðingur og gagnrýnandi og hann segir í viðtalinu við *Dagsavisen* að það sé margt viðsjárvert í ritgerð Knausgård og að lesendur hafi að einhverju leyti blindast af færni Knausgård sem rithöfundur:

Það er ekki vandamál að rithöfundur fagurbókmennta vilji nota innlifun til þess að skilja nasismann. En ritgerðarhlutinn um Hitler hefur annað „ég“ en afgangurinn af *Min kamp*. Í gegnum allt verkið byggir Knausgård upp traust til raunverulegrar, ævisögulegra ég-raddar sem segir til dæmis frá öllu um samlífið með Lindu. Þegar ég-röddin segir frá Hitler, verður þetta erfiðara. Á maður hér eftir að treysta ég-röddinni sem sagnfræðings-ég-rödd?⁹⁹

Þessi viðbrögð við texta Knausgård koma líklega ekki á óvart. Ritgerð Knausgårds er ekki skrifuð í tómarúmi hvort sem litið er til þeirrar fortíðar sem hann skrifar um, um

⁹⁷ Gerard Genette, 1997. Bls 409.

⁹⁸ Helland, 2015. Bls. 101.

⁹⁹ Bernt Erik Pedersen, „Knausgård kan ikke diktere hvordan verket hans skal leses“ *Dagsavisen*, 11. maí 2016. Sótt 26. desember 2016: <http://www.dagsavisen.no/kultur/knausgard-kan-ikke-diktere-hvordan-verket-hans-skal-leses-1.723102> :

Det er ikke problematisk at en skjønnlitterær forfatter vil bruke innlevelse for å forstå nazismen. Men essay-delen om Hitler har et annet «jeg» enn resten av «Min kamp». Gjennom hele verket bygger Knausgård opp en tillit til en faktisk-biografisk jeg-stemme som forteller om for eksempel samlivet med Linda. Når jeg-stemmen forteller om Hitler, blir det mer problematisk. Skal man fremdeles stole på jeg-stemmen som et historiker-jeg?

Þýskaland nasismans og eftirmála þess eða til nútímans sem Knausgárd tengir textann óbeint við, voðaverkin í Útey 22. júlí 2011, en Knausgárd skrifar ritgerðina rétt eftir að Anders Behring Breivik fremur hryðjuverk í Osló og eyjunni Útey og drepur 77 manns. Þótt Knausgárd tali ekki beinlínis um það í bókinni má sjá að hann gerir tilraun til þess að skilja voðaverkin út frá einfaldaðri mynd af sögu 20. aldarinnar. Knausgárd skrifaði síðar grein í *The New Yorker* um Breivik sem vakti mikla athygli, bæði í Bandaríkjunum og í Noregi. Í greininni má heyra svipaðan tón og í ritgerðinni sem birtist í 6. bindinu, en Knausgárd bendir á líkindi milli þess sem gerðist í Noregi 22. júlí og í Þýskalandi í seinni heimsstyrjöldinni. Hann segist einnig finna til samkenndar með Breivik og hann skilji að einhverju leyti ástæðurnar á bak við voðaverkin.¹⁰⁰

Eins og Helland benti á í grein sinni nýtir Knausgárd sér það traust sem hann hefur öðlast með því að hleypa lesendum bókanna eins nálægt sér og raun ber vitni og hefur þannig ákveðið vald til þess að fjalla um önnur málefni. Hér verður til tvírætt samband raunveruleika og skáldskapar sem erfitt verður að greina í sundur. Sjálfsævisögulegi samningurinn í bókunum getur ekki átt við um atburði sem Knausgárd upplifði ekki sjálfur.

¹⁰⁰ Karl Ove Knausgárd, „The Inexplicable: Inside the Mind of a Mass Killer“ *The New Yorker*, 25. maí 2015. Sótt 6. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/magazine/2015/05/25/the-inexplicable>.

„Bókmenntalegt barnanið“ – Svíþjóð og siðferðisleg álitamál

Sænski rithöfundurinn og bókmenntafræðingurinn Ebba Witt-Brattström kom af stað nýrri umræðu í Svíþjóð um Karl Ove Knausgård, bækur hans og siðferðismál í bókmenntum árið 2015 þegar hún birti grein í *Dagens Nyheter* undir titlinum „Kulturmannens trettonåriga alibi“ eða „Þrettán ára fjarvistarönnun menningarmannanna“ en þar ræðst hún hörðum orðum á Knausgård og Stig Larsson, sænskan rithöfund sem oft er talað um í samhengi við Knausgård, vegna þess hvernig hann fjallar un raunveruleikann í bókum sínum og ljóðum.¹⁰¹ (Varast skal að rugla honum saman við rithöfundinn Stieg Larsson, höfund Millennium-þríleiksins.) Til þess að staðsetja þessa umræðu í tíma í samhengi við útgáfusöguna í Svíþjóð, þá er vert að athuga að greinin birtist þegar sjötta bindið er nýkomið út þar í landi.

Witt-Brattström heldur því fram að í bókum Knausgård normaliseri hann kynferðislegar hugsanir um ungar stelpur og láti eins og það sé eðlilegur hugsunarháttur. Inn í þetta spili síðan nán sambönd milli karlmannna og Witt-Brattström heldur því fram að unglingsstúlkurnar hafi fyrst og fremst það hlutverk að réttlæta þessi nán sambönd milli karlmannanna. Þannig virki ungu stúlkurnar sem fjarvistarönnunn karlmannanna, því þá haldi þeir í gagnkynhneigð sína en geta samt sem áður lýst nánnum tilfinningum í garð vina sinna. Nóg er af dæmum úr *Min kamp* sem ýtir undir þessa skoðun á textanum:

Ég var uppfullur af sömu tilfinningum og höfðu fyllt mig þegar ég var sjálfur í sjöunda bekk að vori. Þegar við hlupum á eftir stelpum, héldum þeim fast, toguðum upp stuttermabolina þeirra og káfuðum á brjóstunum þeirra. Stelpurnar höfðu öskrað en aldrei nógu hátt til að kennararnir heyrðu. Ég var uppfullur af sömu tilfinningum en allt annað hafði breyst: ég var ekki þrettán, ég var átján og ekki bekkjarbróðir þeirra heldur kennari. Þær gátu ekki séð hvernig mér leið. Þær gátu ekki vitað neitt af því sem var að gerast innra með mér. Ég var ungur kennari þeirra og ég brosti til þeirra.¹⁰²

¹⁰¹ Ebba Witt-Brattström, „Kulturmannens trettonåriga alibi“, *Dagens nyheter*, 11. maí 2015. Sótt 10. nóvember 2016.: <http://www.dn.se/kultur-noje/kulturdebatt/kulturmannens-trettonariga-alibi/>.

¹⁰² Karl Ove Knausgård, *Min kamp: Fjerde bok*, Oslo: Oktober, 2010. Bls 447. Jeg var fylt af de samme følelsene, som hadde fylt meg den våren jeg selv gikk i syvende klasse. Da vi løp etter jentene, holdt dem fast, dro opp tøs kjortene og lot henden gli over brystene deres. Jentene hadde hlyt, men aldri så høyt at noen lærer hadde hørt det. Jeg var fylt af samma følelsene, men alt annet var annerledes, jeg var ikke tretten, jeg var atten, og ikke deres medelev, men derer lærer. Følelsene kunne ikke de se. Ingenting av det som rørte seg i meg, kunne de vite noe om. Jeg var dere unge lærer, og jeg smilte til dem.

Grein Ebbu Witt-Brattström vakti mikla athygli, og þá sérstaklega fyrir orðasambandið „litterart pedofili“. Þessi orð voru síðan notuð til þess að róta upp í umræðunni um Knausgård og hann þráspurður hvort hann væri barnaníðingur. Sú spurning á mögulega vel rétt á sér, rétt eins og Ingunn Økland hafði spurt í grein sinni í Noregi árið 2010. Grein Witt-Brattström hefur þó annan útgangspunkt. Áhersla hennar er ekki sú að svona sé talað um ungar stelpur í bókmenntum, og þaðan af síður hvort að manneskjan Karl Ove Knausgård hafi sofíð hjá stelpum undir aldri, heldur fjallar greinin fyrst og fremst um það hvar við staðsetjum slíkar bókmenntir. Hvernig hefur þessum rithöfundum tekist að eiga öruggt sæti innan hámenningarinnar?

Staðreyndin er sú að bókmenntalegt barnaníð varð að sænskri hámenningu þegar við sáum sextán mismunandi gerðir af „ég“ nauðga unglíngum og allt niður í níu ára börn í bókinni *Autisterna*.

Knausgård, sem er einn af aðdáendum Larsson, gaf út sína fyrstu bók árið 1998 um kennarann Henrik Vankel og þráhyggju hans um þrettán ára stúlkun Mirjam. Í fjórða hluta af *Min kamp* verður kennarinn Karl Ove ástafanginn af þrettán ára nemanda sínum Andreu. Með appelsínustór brjóst.

Nei ég er ekki vænissjúk, en ég spyr mig hvaða virkni allar þessar þrettán ára stelpur hafa í bókmenntunum. Það getur ekki verið að það sé varnaleyfi þeirra sem gerir þær svo eftirsóknarverðar. Claus Elholm Anderson sem hefur skrifað fyrstu ritgerðina um Knausgård heldur því fram að Andrea, rétt eins og kona Knausgård, Linda, spili sem hljóði aðilinn í þríhyrnings sambandi með Karl Ove og allra besta vini hans, Geir.¹⁰³

Witt-Brattström spyr áhugaverðra og áleitinna spurninga, og þá einmitt um hvaða stöðu við gefum slíkum skáldskap í menningu okkar. Öfugt við það sem margir gripu á lofti úr greininni þá er hún ekki að endilega að fordæma að slíkar bækur séu skrifaðar, heldur þykir henni undarlegt þó ekki sé meira sagt, að slíkar bókmenntir fái stöðu sem bækur hámenningar, að karlmenn hámenningarinnar fái að vaða uppi og skrifa um efni sem venjulega er fyrirlitið í samfélaginu.

¹⁰³ Witt-Brattström, 2015: Faktum är att litterär pedofili blev svensk högkultur när „Autisternas“ sexton nyanser av jag våldförde sig på tonåringar och till och med på en nioåring. Knausgård, som är en annan av Larssons beundrare, debuterade 1998 med romanen om läraren Henrik Vankels erotiska besatthet av trettonåringen Mirjam („Ut ur världen“). I „Min kamp“ (fjärde delen) blir lärarvikarien Karl Ove förälskad i sin elev Andrea, tretton år. Med appelsinstora bröst.

Nej, jag är inte paranoid, men jag frågar mig vad alla dessa trettonåringar fyller för funktion i litteraturen. Det kan ju inte enbart vara deras utsatthet som gör dem så åtråvärda. Claus Elholm Andersen som skrivit den första avhandlingen om Knausgårds ”Min kamp”, menar att flickan Andrea, liksom Karl Oves hustru Linda, utgör den stumma parten i ett triangulärt förhållande med Karl Ove och hans allra käraste vän Geir.

Greinar sem síðar voru skrifaðar virðast því að einhverju leyti misskilja það sem Ebba Witt-Brattström hefur um Knausgård að segja. Witt-Brattström spyr nefnilega ekki hvort Knausgård sé að segja sannleikann eða ekki og hún tekur í raun aldrei fram hvort það skipti máli eða ekki. Hún fordæmir miklu frekar stöðu sögumannsins gagnvart ungum stúlkum með bókmenntafræðilegum tækjum og segir að verið sé að setja sig í stöðu karlmansins sem lítur til unglingsstúlku á kynferðislegan hátt.

En svargrein Knausgårds varð líklega sú sem hlaut hve mesta athygli þar sem hann beindi reiði sinni ekki aðeins að Ebbu Witt-Brattström heldur sænsku þjóðinni allri. Kallaði hann Svía kýklópa, eineygð skrímsli sem sæju heiminn í svarthvítu þar sem aðeins eitt væri rétt og allt annað mætti ekki tala um:

Og nú síðast, í síðustu viku, skrifaði kýklópi í DN að ég væri bókmenntalegur barnaníðingur, og að ég hefði misnotað smástelpur. Hún skrifaði einnig að ég ætti í duldu samkynhneigðu sambandi við besta vin minn og héldi framhjá konunni minni með honum. Tónninn í greininni var fullur af hatri og fyrirlitningu, og gaf í skyn að það væri eitthvað vafasamt við mig, eitthvað óhugnanlegt, hættulegt, óeðlilegt, sjúklegt. Að segja að greinin sé áfellisdómur er vægt til orða tekið. Mér er lýst eins og ég sé glæpamaður. Og hvert var brot mitt?

Ég hafði skrifað skáldsögu. [...]

Stærsta vandamál kýklópana er sjálfsmyndin. Sambandið milli kvenna og karla truflar þá, þegar það er ekki alveg skýrt. Og sambandið milli fólks úr þeirra eigin menningu og þeirra sem koma frá öðrum menningarheimum sem er heldur ekki alveg skýrt, truflar þá líka.

Þess vegna eru kýklópar aldrei jafn reiðir og þegar talað er um kyn eða innflytjendur. Þetta er eitthvað sem maður getur aldrei verið með eða á móti, en á sama tíma er það einmitt það sem þeir krefjast, svo að allt sem býr á einhverjum mörkum milli flokkanna, allt sem liggur á grensunni, er ekki horft á eða talað um. Það finnst þó ennþá. Það truflar kýklópana, en án þess að þeir nái almennilega utan um það, og þá verða þeir ennþá reiðari og ennþá þögullir.¹⁰⁴

¹⁰⁴ Karl Ove Knausgård, „Karl Ove Knausgårds rasande attack på Sverige.“ *Dagens Nyheter*, 19. maí 2015. Sótt 15 nóvember 2016: <http://www.dn.se/kultur-noje/kulturdebatt/karl-ove-knausgards-rasande-attack-pa-sverige/>: Och nu senast, i förra veckan, var det en cyklop som skrev i DN att jag är en litterär pedofil, och att jag utnyttjat småflickor. Hon skrev också att jag hade en dold homosexuell relation till min bästa vän bakom min frus rygg. Tonen i artikeln var full av hat och förakt, och uttryckte att det finns något tvivelaktigt över mig, något obehagligt, förfärligt, onormalt, sjukligt. Att säga att artikeln var misstänkliggörande är en underdrift. Jag beskrevs som om jag vore kriminell. Vilket var i så fall mitt brott? Jag hade skrivit en roman [...] Det cykloperna har störst problem med är identitet. Förhållandet mellan kvinnor och män

Þessi grein vakti gríðarlega athygli í menningarheiminum, og náði meira að segja til Íslands með grein Inga Freys Vilhjálmssonar í *Stundinni*, sama ár.¹⁰⁵ Það kemur kannski ekki á óvart að hún hafi fengið svo mikla athygli þar sem Knausgárd skýtur föstum skotum að sænsku þjóðinni í heild. Gagnrýnin felst fyrst og fremst í því að Svíar séu fastir í pólitískri rétt hugsun og því megi ekki ræða um neitt sem þyki óþægilegt, liggi á mörkunum eða sé álitamál. Allir eigi að vera sammála og ef þeir eru það ekki þá eigi þeir að þegja. Þessi gagnrýni er svosem ekki úr lausu lofti gripin, enda er þetta oft bitbein á milli þjóðanna á Norðurlöndunum og þykir nágrannaþjóðunum Svíar þá iðullega of stífir.

En reiði Knausgárd beinist einnig að Witt-Brattström og gagnrýni hennar. Og vörn hans er að sama skapi einkar áhugaverð. Í grein sinni tekur hún í fyrsta lagi aldrei fram að hún trúir því að textinn sé sannur, og í öðru lagi tekur hún ekki afstöðu gegn honum sem slíkum. Hún heldur því fram að í skáldskapnum liggi ákveðið sjónarhorn sem feli ekki í sér neina gagnrýni, heldur þvert á móti líti á það sem eðlilegan hlut að þrá barn. Hún kallar því Knausgárd ekki barnaníðing, heldur telur hún skáldskapinn vera hluta af orðræðu sem normalíseri slíka hegðun. Það er síðan Knausgárd sjálfur sem túlkar orð Witt-Brattström sem árás á sig Í raun og veru fjallar þessi deila um hvað megi segja og hvað ekki. Má skáldskapur fjalla um hvað sem er, hvernig sem er, svo lengi sem það er skáldskapur? Og hvaða ábyrgð bera rithöfundar á skáldskap sínum, þegar þeir fullyrða innan textans að hann eigi sér stoð í raunveruleikanum?

Það er áhugavert í þessu ljósi að Knausgárd ákveði að svara fyrir bókmenntir sínar við þetta tilefni og að hann nýti þá þetta tækifæri til þess að beina spjótum sínum gegn sænsku þjóðinni í heild sinni. Vandinn sem Knausgárd setur fram í svari sínu er nefnilega einmitt það sem hann sakar gagnrýnendur sína um, þ.e. að gera ekki greinarmun á sögumanni *Min kamp* og höfundinum.

förvirrar dem, eftersom det inte är entydigt. Och förhållandet mellan människor från den egna kulturen och andra kulturer, som inte heller är entydigt, förvirrar dem likaså. Därför är cykloperna aldrig så arga som när de pratar om kön eller invandring. Detta är inte något man kan vara för eller emot, men likväl är det det de kräver, så att allt som finns mellan kategorierna, allt som finns i gränsområdena, inte blir sett och inte pratat om. Ändå finns det. Detta anar cykloperna, men utan att de klarar av att begripa det, och då blir de ännu argare eller ännu tystare.

¹⁰⁵ Ingi Freyr Valdimarsson, „Þegar betlaranum er drekkt“, *Stundin*, 29. maí 2015. Sótt 5. nóvember 2016: <http://stundin.is/pistill/thegar-betlaranum-er-drekkt/>.

„Júdasarbókmenntir“ – Hvað má skrifa um?

Paul John Eakin heldur því fram í bók sinni *Living Autobiographically: How We Create Identity in Narrative* að siðferði sé í raun eitt dýpsta umfjöllunarefni sjálfsævisögulegrar orðræðu. Þannig sé sá sem skrifar alltaf að bera sig saman við þau gildi sem samfélagið setur honum og staðsetja sjálfan sig út frá því.¹⁰⁶ Þetta er áhugaverð staðhæfing út frá þeim deilum sem oft spretta upp í kringum sjálfsævisögur og gildi þess að segja sína eigin sögu, og kannski sérstaklega þeim umræðum sem urðu í kringum *Min kamp*. Siðferðislegar spurningar vöknudu um rétt Knausgárd til þess að segja frá sínu lífi og hvort það væri siðferðislega rétt að nýta líf annarra í eigin skáldskap. Inn í þær umræður blandaðist iðullega sá dómur um að Knausgárd hefði gefið út bækurnar fyrst og fremst til þess að öðlast frægð og frama, en ekki til þess að þjóna einhvers konar æðri tilgangi listarinnar.¹⁰⁷

Eakin segir að með sjálfsævisögulegri frásögn náum við að marka okkur sjálf en lesendur nái líka mögulega að staðsetja sig út frá því normi sem sett er fram í textanum. Eakin snertir einnig á þeim rétti sem felst í því að geta sagt sögu sína.¹⁰⁸

Marianne Egeland fjallar einnig um þetta í grein sinni um skáldskap Knausgárd, „Anarkjennelse og autentisitet i virkelighetslitteraturen.“ eða „Viðurkenning og sannsögli í staðreyndabókmenntum.“¹⁰⁹ Egeland tekur í grein sinni ljósa afstöðu í grein sinni gegn bókum Knausgárd, eða öllu heldur gegn notkun hans á hugtökunum skáldskapur og raunveruleiki. Egeland spyr hvort að Knausgárd sé sanngjarn gagnvart viðgangsefni sínu, hvort að það sé siðferðislega rétt að nota veruleika annarra og hvort að það þurfi ekki að taka siðferðislega afstöðu með eða á móti slíkum bókmenntum.

Margt í grein Egeland tekur á þeim vandamálum sem koma upp þegar listamenn ákveða að fjalla um raunveruleika annarra. Hún veltir einnig fyrir sér þeim tvískinnungi Knausgárd að segja bókina vera skáldsögu og þess á milli leggja áherslu á raunveruleikann og sannleikann í bókinni. Egeland segir afstöðu sína ganga út frá því að listin verði ekki til í fagurfræðilegu tómarúmi, heldur sé hún hluti af samfélaginu og

¹⁰⁶ Paul John Eakin, *Living Autobiographically. How We Create Identity in Narrative*, New York: Cornell University Press, 2008. Bls 50.

¹⁰⁷ Kjærstad, 2010.

¹⁰⁸ Eakin, 2008. Bls 51.

¹⁰⁹ Marianne Egeland, „Anarkjennelse og autentisitet i virkelighetslitteraturen“ *Norsk Litteraturvitenskapelig Tidsskrift*, 2015. Bls 34-48.

þar með sé henni stýrt af félagslegum samböndum. Því þurfi að rannsaka hverslags viðurkenningu rithöfundar sjálfsvæisagna fá í gegnum skrif sín.¹¹⁰

Egeland vitnar í heimspekinginn Charles Taylor og heldur því fram að þessi sannsögulega menning nútímans sé byggð á hugmyndum okkar um frelsið. Það gangi út á að skapa sitt eigið og einstaka sjálf og að uppgötva sjálfan sig. Þessi leit að sjálfinu er þannig sett ofar því sem þykir fagurfræðilega viðtekið og ofar þeim siðferðisgildum sem samfélagið lifir eftir.¹¹¹ Þess vegna geti gagnrýnendur og lesendur bóka Knausgárd horft framhjá því sem venjulega er litið hornauga, vegna þess að leit hans að sínu sjálfri er sett ofar öllu. Ekki nóg með það að hann hafi frelsi til þess að tjá sig að vild, heldur er það beinlínis hlutverk hans sem listamanns að finna sitt sanna sjálf í gegnum list sína. Knausgárd nýtir sér þetta frelsi í þessum tilgangi, og það er oft tekið fram í bókunum að hann hafi á einhvern hátt verið neyddur til þess að sinna þessu verkefni sem *Min kamp* var orðið.

Egeland spyr að lokum í grein sinni hvort Knausgárd hefði viljað að aðrir hefðu skrifað á slíkan hátt um hann, hvort að hann hefði verið sáttur við að réttindi hans til einkalífs hefðu verið tekin af honum. Svárið við þessum spurningum koma frekar skýrt fram í 6. bindi þar sem Karl Ove höndlar ekki umfjöllunina um sjálfan sig meðal fjölskyldumeðlima. Hann á erfitt með að taka þeirri gagnrýni sem beinist gegn honum.

Margar af spurningum Egeland eiga fyllilega rétt á sér og eru í raun nauðsynlegar til þess að við getum rætt um bókmenntir sem liggja á þessum mörkum á sanngjarnan hátt, án þess að loka augunum fyrir þeim viðtökum sem bækurnar fá af raunverulegum lesendum bókanna. Ógerlegt er að ræða bækurnar án þess að taka til athugunar það umhverfi sem bækurnar koma úr, og þeirri umræðu sem bókunum fylgdi. Það var í raun einkennandi fyrir umræðuna um bækur Knausgárd hversu margir virtust hafa skoðun á bókunum hans án þess að hafa lesið þær. Þar með verður epitexti bókanna, samkvæmt silgreiningu Genette, stöðugt stærri þar til hann verður stærri en verkið sjálft.¹¹² Það fer heldur ekki á milli mála að þetta verkefni sem Knausgárd tók að sér með því að skrifa *Min kamp* gengur að miklu leyti út á samvinnu þeirra sem standa fyrir utan textann. Í sjötta bindinu verður þetta augljósast, þar sem að viðtökur fyrsta bindisins, verða að viðfangsefni skáldskapartextans.

¹¹⁰ Egeland, 2015. Bls. 35.

¹¹¹ Sama heimild. Bls. 45-46.

¹¹² Genette, 1997. Bls. 409.

Vald Knausgárds sem listamaður með áhrifaríka rödd í samfélaginu skiptir einnig höfuðmáli þegar skoðaðar eru þær ásakanir sem beindust gegn höfundinum. Þeir fjölskyldumeðlimir sem þóttu hann hafa nýtt líf þeirra til þess að hagnast á því gátu ekki skapað sér eins sterka opinbera rödd og höfundurinn hafði gert. Ef þau vildu vekja máls á þessu vandamáli undir eigin nafni áttu þau á hættu að gera einungis illt verra og tengja nafn sitt enn frekar við þann skáldskap sem er að finna í bókinni. Þannig birtist raunverulegt vald Knausgárds einna skýrast og vekur upp spurningar um hvaða siðferðislegu stöðu höfundurinn hefur gagnvart viðföngum sínum sem og skáldskapnum sjálfum.

Fyrri kona Knausgárds, Tonje Aursland, benti sérstaklega á þetta vald í útvarpsþætti sínum, „Tonjes versjon“ þar sem hún fjallaði um þá upplifun að hafa verið viðfang í bókum höfundarins. Aursland fékk þar tækifæri til þess að segja sína hlið á málinu og skapa sér þannig sína eigin rödd fyrir utan skáldverkið. Aursland hefur það umfram aðrar fyrirmyndir í verkinu að hún er sjálf opinber persóna og hefur þannig vettvang til þess að tjá sig um textann. Það höfðu hins vegar ekki allir.

„Að gefa lesandanum fingurinn“ – Viðtökur í Bretlandi og Bandaríkjunum¹¹³

Það kveður við annan tón í umfjöllun um bækur Karl Ove Knausgård í Bandaríkjunum. Gríðarlegar vinsældir höfundarins vestanhafs hafa mögulega komið einhverjum á óvart, þá sérstaklega þeim sem höfðu skýrt vinsældir bókanna Í Noregi sem áhuga á slúðri nágrannanna.¹¹⁴ Að sama skapi þurftu lesendur ekki að velta fyrir sér þeim siðferðislegu spurningum sem vöknudu í Noregi eftir útgáfu bókanna. Fjarlægðin gerði það að verkum að lesendur þurftu ekki að hafa áhyggur af þeim sem fjallað var um og höfundurinn þá þegar búinn að ná ákveðinni stöðu sem frægur einstaklingur sem þótti eðlilegt að væri að bera á borð sín persónulegu málefni.

Einnig getur verið að sú *non-fiction* hefð í Bandaríkjunum sem Julie Rak fjallar um í bók sinni geri það að verkum að verk sem liggja á mörkum skáldskapar og raunveruleika eða bækur sem fjalla fyrst og fremst um raunveruleikann séu frekar viðteknar í Bandaríkjunum án þess að settir séu fyrirvarar við því sem sagt er um

¹¹³ Evan Hughes, „Why Name your Book after Hitler's?“ *The New Yorker*, 11. júní 2014. Sótt 5. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/why-name-your-book-after-hitlers>.

¹¹⁴ Eivind Tjønneland, *Et ideologikritisk essay*, Oslo: Spartacus, 2010.

fyrirmyndir þeirra.¹¹⁵ Einnig er áhugavert að velta þessu fyrir sér út frá hugmyndum Marianne Egeland um frelsi í tengslum við aukna áherslu á raunveruleikann í skáldskap. Egeland tengir þá menningu sem byggist á frásögnum um sjálfið við aukna áherslu á einstaklinginn í samfélagi okkar.¹¹⁶ Frelsi er mikilvægt hugtak í menningu og sögu bandarísku þjóðarinnar. Birtingarmynd frelsins er áberandi meðal annars í því rými sem listamenn hafa til þess að tjá sig og segja sögu sína. Þannig marka einstaklingar stöðu sína innan menningarinnar og birtist þá einnig sú einstaklingshyggja sem Egeland bendir á.

Erfítt getur reynst að bera saman ólíkar viðtökur verka eftir löndum en ljóst er að paratexti verka Knausgárds er allt annar á Norðurlöndum en í enskumælandi löndum. Bókmenntafræðingarnir Arnaud Schmitt og Stefan Kjerkegaard báru saman viðtökur í Frakklandi og í Danmörku á bókum Knausgárd og í þeirri greiningu kom í ljós hvernig paratexti verksins verður annar eftir löndum.¹¹⁷ Þeir benda sérstaklega á hvernig viðtökur bóka sem birtast í þýðingum verða alltaf aðrar en í heimalandinu, þá sérstaklega þær bækur sem liggja á mörkum veruleika og skáldskapar.

Hægt er að skoða hvernig Knausgárd birtist sem annar höfundur í epitexta bókanna, þ.e. í viðtölum og umfjöllunum sem birtust eftir útgáfu. Þó að Knausgárd hafi verið á móti því að birtast í viðtölum í heimalandi sínu eftir útgáfu bókanna sökum ágengra spurninga blaðamanna fór hann í fjölda blaðaviðtala vestanhafs. Sala bókanna lá þannig að miklu leyti undir því að Knausgárd sjálfur seldi sig sem áhugaverða persónu í fjölmiðlum. Í viðtölum í fjölmiðlum á borð við *The New Yorker*, *The New York Times*, *The Wall Street Journal* og *The Guardian* birtist töluvert önnur persóna en í skandinavískri umfjöllun. Myndir sem fylgja viðtölunum eru yfirleitt alltaf í svarthvítu, og Knausgárd er iðullega reykjandi og alvarlegur á myndunum. Vísbendingar um fjölskyldulíf eru víðsýnari og myndirnar oftast teknar í umhverfi sem hægt er að tengja við skandinavískt myrkur. Þessi ímyndarsköpun í Bandaríkjunum og Bretlandi er líklega tengd þeirri markaðssetningu sem skandinavískar glæpasögur hafa fengið og er tengd Nordic-Noir bylgjunni. Á kápum bókanna í enskri þýðingu eru líka myndir af höfundinum sjálfum, þar sem hann er alvarlegur á svip á ýmsum

¹¹⁵ Julie Rak, 2013. Bls 25.

¹¹⁶ Egeland, 2013.

¹¹⁷ Arnaud Schmitt & Stefan Kjerkegaard, „Karl Ove Knausgaard's My Struggle: A Real Life in a Novel“ *a/b: Auto/Biography Studies*, 31. útg., 3. tbl.2016. Bls. 553-579.

augnablikum æviskeiðs síns, og aldrei er hann hamingjusamur á myndunum.¹¹⁸ Sterk ímyndarsköpun liggur að baki því að selja Knausgård sjálfan til mögulegra lesenda bókanna. Hann var ekki þekkt nafn í Bandaríkjunum og því varð að sýna hann sem svo áhugaverða persónu að mögulegir lesendur gætu fengið áhuga á að lesa 3600 blaðsíður um manninn. Það hefur að mestu tekist, enda hafa bækurnar selst vel og fengið góða dóma. Fylgst er vel með þegar nýtt bindi kemur út í þýðingu og nú síðast var Knausgård nefndur í stórum flokki bóka sem vöktu athygli á árinu 2016 að mati *The Guardian*.¹¹⁹

Þessi ímyndarsköpun, hvort sem hún hefur verið meðvituð af hálfu útgefenda ensku þýðingarinnar eða ekki, hefur því tekist vonum framar. Knausgård birtist sem eilífðartöffari sem á í baráttu við sína innri karlmennsku, sorgina og sitt eigið sjálf. Blaðamenn mála upp mynd af honum sem norskum einfara sem gefur skít í allt fyrir utan sitt innra sálarlíf:

Eitt sólríkt eftirmiðdegi í ágúst, í sænska miðldabænum Ystad, birtist norskri rithöfundurinn Karl Ove Knausgård fyrir utan hótelið mitt til þess að sækja mig, degi of snemma, með hálf tíma fyrirvara. Knausgård hefði verið velþekktanlegur þó að gatan hefði verið þakin fólki. Tæpir tveir metrar á hæð með silfurgráan úlfsmakka, ísblá augu og stórskorna andlitsdætti. En Ystad er svefnhöfuga bær og göturnar voru tómar. Hann stóð hjá hvítu Wolksvagen rúgbrauði, reykjandi Chesterfield sigarettur, klæddur dökkum jakka og rifnum gallabuxum. Þegar ég gekk að honum leið mér eins og ég væri að ganga inn í plötuumslag af *The Freewheelin Bob Dylan*. Það var í raun ótrúlegt að hugsa til þess að þessi yfirlætislausí maður, keyrandi bíl fullan af leikföngum, gömlum geisladiskum og barnastól, sé í hópi þeirra sem eru líklegir til þess að hljóta Nóbelsverðlaunin í bókmenntum fyrir stórvirki sitt sem hann lýsir sem „þjáningarfullu sálarlífi eins karlmanns.“¹²⁰

¹¹⁸ Nokkur dæmi má sjá hér: Joshua Rothman, „What is the Struggle in *My Struggle*?“ *The New Yorker*, 28. maí 2014. Sótt 7. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/what-is-the-struggle-in-my-struggle>. Andrew Anthony, „Karl Ove Knausgaard: Writing is a way of getting rid of shame“ *The Guardian*, 1. mars 2015. Sótt 7. janúar 2017: <https://www.theguardian.com/books/2015/mar/01/karl-ove-knausgaard-interview-shame-dancing-in-the-dark>. Liesl Schillinger, „Why Knausgård can't stop writing“ *The Wall Street Journal*, 4. nóvember 2015. Sótt 7. janúar 2017: <http://www.wsj.com/articles/why-karl-ove-knausgaard-cant-stop-writing-1446688727>.

¹¹⁹ Justine Jordan, „The Best Fiction of 2016“ *The Guardian*, 30. nóvember 2016. Sótt 10. desember 2016: <https://www.theguardian.com/books/2016/nov/30/best-fiction-2016-paul-beatty-zadie-smith>. Evan Hughes, „Why Name your Book after Hitler's?“ *The New Yorker*, 11. júní 2014. Sótt 7. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/why-name-your-book-after-hitlers>.

¹²⁰ Schillinger, „Why Karl Ove Knausgård can't stop writing,“ 2015: One sunny afternoon this August, in the medieval Swedish resort town of Ystad, the Norwegian author Karl Ove Knausgaard appeared outside my hotel to pick me up, a day ahead of schedule, on half an hour's notice. Even if the street had been crowded, Knausgaard would have been instantly recognizable, standing 6-foot-4, with a wolf's mane of silver hair, ice-blue eyes and craggy

Í grein í *New York Times* er fyrir sögnin: „He speaks a lot, for a Norwegian.“¹²¹ Í þeirri grein fer blaðamaður yfir þá þróun sem fór í gang við útgáfu bókanna í Noregi, reiði fjölskyldunnar og óróa lesenda yfir bókunum. Blaðamaður segir:

Bandarískir lesendur sem eru vanir illa dulbúnum sjálfsævisögulegum skáldsögum og hömlulausum endurminningum gætu velt fyrir sér hvað allt havarið gengur út á. En í Skandinavíu, með sína óhrifnæmu, lúthersku menningu, voru margir sem litu á það svo að Knausgård væri að brjóta á grundvallargildum samfélagsins.¹²²

Þetta er fremur mikil einföldun blaðamanns *The New York Times* en inniheldur hugsanlega eitthvert sannleikskorn. Hvers vegna þessi munur er á menningu þessara þjóða er líklega örlítið flóknari en lúthersk gildi í Skandinavíu og getur mögulega átt dýpri rætur í stærð samfélaganna sem bókmenntirnar koma úr. Umræður í norskum fjölmiðlum benda til þess að lesendur bókanna hafi fundið til sterkrar samkenndar með fjölskyldumeðlimum Knausgård. Þar að auki er það ákveðin goðsögn í þjóðarsjálfsmynd íbúa á Skandinavíuskaganum að þeir tilheyri samfélagi sem fari eftir „Jante-lögunum.“

Hugmyndin um Jante-lögin kemur úr skáldsögu norsk-danska rithöfundarins Aksel Sandemose, *En flyktning krysser sitt spor*, frá árinu 1933. Bókin fjallar um borgina Jante þar sem borgarbúar fylgja allir 10 boðorðum um hvernig eigi að haga sér, en boðorðin ganga út á það að fordæma einstaklinga sem trana sér fram eða þykjast vera meiri og betri en næsti maður. Þessi hugmynd hefur síðan verið notuð til þess að skýra þjóðarímynd norsku, sænsku og dönsku þjóðarinnar.¹²³ Fyrstu fjögur boðorðin eru:

woodcut features, but Ystad is a sleepy town, and the street was empty. He stood beside a white VW van, calmly smoking a Chesterfield, dressed in a dark jacket and artfully slashed jeans. Walking up, I felt as though I were stepping into the album cover of *The Freewheelin' Bob Dylan*. It was jarring to think that this unassuming guy, driving a scuffed van cluttered with toys, old CDs and a baby seat, is quite probably in line to receive a Nobel Prize in literature for his epic saga of what he describes as “the tormented inner life of one male.”

¹²¹Larry Rother, „He Says a Lot, for a Norwegian“ *New York Times*, 18. júní 2012. <http://www.nytimes.com/2012/06/19/books/a-debate-over-karl-ove-knausgaards-my-struggle.html>.

¹²²Sama heimild: American readers, accustomed as they are to thinly disguised autobiographical novels and no-holds-barred memoirs, may wonder what all the fuss could be about. But in Scandinavia, with its stolidly Lutheran culture, many commentators saw Mr. Knausgaard as violating fundamental social norms.

¹²³Kusum Gopal, „Janteloven - Modviljen mod forskellighed. Danske forestillinger om lighed som enshed“ *Tidskriftet Anthropologi* nr. 42, 2000. Bls 23-43.

1. Þú skalt ekki halda að þú sért sérstakur.
2. Þú skalt ekki halda að þú sért jafn góður og við erum.
3. Þú skalt ekki halda að þú sért klárari en við.
4. Þú skalt ekki telja þér trú um að þú sért betri en við.

Hugmyndin um Jante-lögin er áberandi í Þjóðarsjálfsmynd þessara Þjóða og er oft notuð til þess að útskýra hvers vegna þessum Þjóðum hefur tekist betur en öðrum að taka upp pólitíska jafnaðarmannastefnu. Þessi einföldun á Þjóðarsál þessara Norðurlandapjóða er viðtekin og væri einnig hægt að útskýra með því að þessar Þjóðir eru frekar litlar og lítill fjölbreytileiki hefur einkennt þær lengi vel.¹²⁴ Hugmyndin um Jantelögin er fyrst og fremst ákveðin goðsögn sem hefur verið sköpuð utan um menningarheim Norðurlandabúa, rétt eins og staðhæfing bandaríska blaðamannsins hjá *The New York Times*.

Þeir Schmitt og Kjerkegård benda á hvaða áhrif það hefur á viðtökurnar að bækurnar hafi allar komið út á frummálinu þegar þær að koma út í þýðingum. Þær hafa þá þegar fengið þá umfjöllun sem þær fengu í Noregi og það umtal berst með bókunum til hinna útgáfulandanna. Þegar bækurnar eru þýddar á ensku hafa öll bindin þegar hlotið viðtökur í heimalandinu. Ljóst er frá upphafi eftir að þýðingarnar koma út að bækurnar hafi vakið áhuga og umtal og því er epitexti bókanna strax orðinn hluti af lestrarupplifuninni. Samkvæmt Schmitt og Kjerkegård hafa tvö atriði skipt sérstaklega miklu máli í þessu tilliti. Í fyrsta lagi vita lesendur að fjölskylda Knausgård var ósátt við útgáfu bókanna. Það kemur fram í nær öllum kynningarviðtölum og fylgir bókinni. Í öðru lagi fylgir bókinni sú vitneskja þegar hún kemur út að í síðasta bindinu sé 400 blaðsíðna ritgerð um Hitler og nasismann, þó að bókin sé á engan hátt tengd sjálfsævisögu Adolfs Hitlers. Þannig leiti lesendur mögulega að frekari tengslum á milli bókanna tveggja en ella. Kjerkegård og Schmitt telja þetta skipta miklu máli fyrir viðtökur bókanna í Frakklandi, en ekki er víst að þetta hafi haft jafn mikil áhrif á viðtökur í Bandaríkjunum.¹²⁵

Samkvæmt kenningum Julie Rak um vinsældir óskáldaðra bókmennta í Bandaríkjunum, og þá sérstaklega þeirra sem fjalla um líf raunverulegs fólks, er kannski ekki undarlegt að Knausgård hafi fengið svo góðar móttökur þar.¹²⁶ Þar í landi

¹²⁴Sama heimild. Bls. 25.

¹²⁵Arnaud Schmitt & Stefan Kjerkegaard, „Karl Ove Knausgaard's My Struggle: A Real Life in a Novel“ *a/b: Auto/Biography Studies*, 31. útg., 3. tbl., 2016. Bls. 553-579. Bls. 561-562.

¹²⁶Julie Rak, 2013. Bls. 25.

birtist hann ekki sem upphafsmaður nýrrar stefnu, heldur sýnir frekar hvernig hinn dæmigerði karlmaður búsettur á Norðurlöndunum hagar lífi sínu.

Þegar bókin kom út í Bandaríkjunum fylgdi sá texti sem hafði bæst aftan við hana í Noregi. Þannig voru bandarískir lesendur meðvitaðir um fortíð textans í heimalandinu. Knausgárd skrifar mikið um norsku og sænsku þjóðina, þótt það sé ekki beint sett í forgrunn - og verður hann þannig sjálfskipað dæmi um hinn dæmigerða Norðurlandabúa.

6. Niðurstöður

Ekki fer á milli mála að Karl Ove Knausgård er einn þeirra norsku höfunda sem hafa náð að setja mark sitt á alþjóðlegt bókmenntaumhverfi. Bækur hans eru lesnar um allan heim og fylgjast lesendur hans spenntir með þýðingum á fleiri bókum hans. Hann hefur einnig skapað sér stöðu sem umdeildur höfundur og eru margir sem þverneita að lesa bækur hans.

Eins og sjá má út frá þeim ólíku viðtökum sem verið hefur fengið milli þjóða, er *Min kamp* aldrei lesin í tómarúmi og setur paratexti verksins skýran svip á viðtökur þess. Bækurnar eru staðsettar innan mismunandi bókmenntagreina í útgáfulöndunum og hefur það nokkur áhrif en getur þó aldrei haft lokaorðið. Allar upplýsingar sem lesendur hafa um aðalpersónuna annars vegar og höfundinn hins vegar beinast að því að þessar upplýsingar séu þær sömu.

Greinaflokkun verksins hefur verið eitt það helsta sem rætt hefur verið um og má segja að sú umræða gefi vísbendingar um breytt landslag í bókmenntum sem liggja á mörkum veruleika og skáldskapar. Munurinn liggur fyrst og fremst í þeirri umræðu sem skapast í kringum slík verk. Eins og Poul Behrendt hefur bent á getur vel verið að þetta sé eitthvað sem sé einkennandi fyrir bókmenntaumræðu á Norðurlöndunum og sé ekki jafn áberandi annars staðar. Inn í þetta fléttast einnig breytt hlutverk fjölmiðla í menningarumfjöllun. Æsifréttir um sannleiksgildi bóka eru meira lesnar en umfjallanir um verkin sjálf sem verður til þess að í dag eru það helst þessar bækur sem komast í fréttir, frekar en önnur. Þetta hefur verið áberandi hér á landi undanfarin ár.

Konan við 1000° - Herbjörg María Björnsson segir frá eftir Hallgrím Helgason var í deiglu árið 2011, en í henni notar höfundur ævi Brynhildar Georgíu Björnsson sem efnivið i skáldsögu sína. Fjölskylda Brynhildar Georgíu var ævareið yfir notkun Hallgríms á ævi hennar og sagði hann blanda raunveruleika hennar við skáldskap svo ógerlegt væri fyrir lesandann að greina á milli.

Rithöfundurinn, skemmtikrafturinn og fyrrverandi borgarstjóri, Jón Gnarr, gaf út þriðju sjálfsævisögulegu bók sína, *Útlaginn*, árið 2015. Efni bókarinnar komst á vefsíður fjölmiðlanna vegna lýsinga á ofbeldi á barnaheimilinu Núpi á áttunda áratugnum. Gamlir félagar Jóns frá barnaheimilinu sökuðu hann um að hafa fært í stílinn og beinlínis logið upp á starfsfólk staðarins. Jón Gnarr bar skáldskapnum fyrir sig og sagði bókina vera skáldævisögu.

Kata eftir Steinar Braga kom út árið 2014 en skáldsagan fjallar um kynferðisglæpi í íslensku samfélagi. Höfundurinn notaði persónur úr íslensku samfélagi, annað hvort með sama nafni eða öðru. Mörgum þótti þetta vera árás af hálfu höfundar og verið væri að saka raunverulegar manneskjur um atburði sem höfðu ekki átt sér stað.

Þessi dæmi eru ólík að gerð og bækurnar sem hér eru nefndar eru til að mynda ekki allar sjálfsævisögur. Það er þó áhugavert að sjá hvernig bækur sem vísa út fyrir sig að þessu leyti hafa áhrif á lestur bókanna. Þar spila fjölmiðlar líka stórt hlutverk.

Það er ekki aðeins veruleikinn sem bækurnar vísa í sem veldur usla í samfélaginu, heldur það vald sem höfundarnir taka sér í hendur. Rithöfundar búa við málfrelsi, eins og aðrir þegar lýðræðissamfélags, og hafa því fullan rétt á að skapa list sína án þess að hún verði ritskoðuð með einum eða öðrum hætti. Þessu frelsi fylgir þó ábyrgð og eins og má sjá á verkum Knausgárd getur mikið vald fylgt slíkum skrifum.

Það getur einnig verið villandi að tala um slíkar bækur eins og þær hafi eitthvað nýtt fram að færa sem ekki hafi sést áður. Bókmenntir hafa alltaf byggt að einhverju eða miklu leyti á raunveruleikanum. En svo virðist sem að breytingar hafi orðið á umfjöllunum og viðtökum á þessum bókum. Eins og Julie Rak benti á getur verið að auknar vinsældir á raunveruleikasjónvarpi sem og meiri áhugi á persónulegu lífi ríka og fræga fólksins hafi breytt viðhorfi lesenda og áhorfenda til marka á milli persónulegs og opinbers lífs.¹²⁷ Þar að auki eru lesendur orðnir vanari að lesa sjálfssögur á hverjum einasta degi sem og að segja sína eigin sögu, í gegnum samfélagsmiðla. Áhersla á sjálfið og einstaklinginn hefur umbreytt hvernig við lítum á hið persónulega á 21. öldinni.¹²⁸

Þessa áherslu má glögglega sjá í bókum Knausgárds. Þótt Knausgárd sé alls ekki nútímamaður í þeim skilningi að hann tali mikið um nýja tækni eða um nútímasamfélag, þá má sjá tengingar við hvernig hann fjallar um sjálfan sig. Hann sem einstaklingur segir frá því hversdagslega og uppfyllir gægjubörf lesandans, rétt eins og um raunveruleikasjónvarp sé að ræða. Kastljósið er eingöngu á honum sjálfum og frásögnin er miðuð að honum sem einstaklingi. Texti Knausgárd varpar fram andófi gegn aðferð póstmóðernismans við að segja sögu af sjálfinu, þeirri skoðun að ekki sé hægt að komast að endanlegri niðurstöðu. Knausgárd hafnar afstæðinu og afbyggingu,

¹²⁷ Julie Rak, 2013. bls 26.

¹²⁸ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „The Online Self: Memory and Forgetting in the Digital Age.“ *The European Journal of Life Writing*, 3. útg., 2014. Bls 42-54.

og fer í rauninni í þveröfuga átt. Hann er einnig meðvitaður um verkefnið sem hann hefur tekið að sér.

[...]mig langaði til þess að opna heiminn með því að skrifa, fyrir sjálfum mér, en á sama tíma var það þetta sem lét mér mistakast. Þessi tilfinning að að framtíðir séu ekki til, að það sé aðeins til meira af því sama, þýðir að allar útópíur eru merkingarlausar. Bókmenntir hafa alltaf verið skyldar útópíu, svo að þegar útópían missir merkingu sína þá missa bókmenntirnar hana einnig. Það sem ég var að reyna, og kannski það sem allir rithöfundar eru að reyna að gera - hvað veit ég? - var að berjast á móti skáldskapnum með skáldskap.¹²⁹

Hér viðrar Knausgárd þær skoðanir sínar að bókmenntunum hafi hingað til að einhverju leyti mistekist að hafa þau áhrif sem þær ættu að hafa. Póstmóðernisminn hefur, með því að afbyggja merkingu texta, gert það að verkum að bókmenntir verða óþarfar. *Min kamp* verkefnið er því einhvers konar andóf við því.

Miðað við sögu sjálfsævisögunnar má sjá að undanfarna áratugi hefur greinin tekið nokkrum breytingum. Póstmóðernisminn hafði gríðarleg áhrif á hvernig litið var á sjálfið í bókmenntum og hafði að sjálfsögðu í för með sér umbreytingar á formi sjálfsævisagna. Eftir þá byltingu varð til fjöldi nýrra hugtaka og bókmenntagreina sem gerð voru til þess að rúma þær nýju tilraunir sem höfundarnir reyndu við. En eins og hefur verið fjallað um hér á undan eru sjálfsævisögur og skáldskapur hvorki tveir andstæðir flokkar né tveir pólar á sama ásnum, heldur hugtök sem mörg verk falla undir á sama tíma, án þess að þar verði ákveðin skil eða mörk. Eins og sjá má á umræðum um bækur Knausgárds eru þessi hugtök að einhverju leyti orðin úrelt, þar sem að þau hjálpa lesendum bókanna ekki að átta sig á verkunum. Í stað þess að skapa ný hugtök sem gætu rúmað bækurnar eins og Poul Behrendt hefur gert tilraun til, væri auðveldara að endurhugsa hvernig litið er á hugtök eins og skáldsaga og sjálfsævisaga.

Út frá þessari stöðugu flokkagreiningu má einnig sjá ákveðin merki þess að sjálfsævisögulegar bókmenntir séu settar skör lægra en aðrar bókmenntir. Þetta sést helst á því hvernig umræður um bókmenntaleika bókanna fara ætíð saman við það að flokka bókina sem skáldsögu. Þannig verði gæði verksins einugis mæld út frá því

¹²⁹ Karl Ove Knausgård, *Min kamp*, 2009. Bls 221:

Den lengselen jeg alltid kjente, som noen dager var så stor at den nesten ikke lot seg kontrollere, sprang ut fra dette. Det var delvis for å lindre den at jeg skrev, ved å skrive ville jeg åpne verden, for meg selv, samtidig som det også var det som jorde at jeg mislyktes. Følelsen av at framtiden ikke finnes, at den bare er mer av det samme, betyr at enhver utopi er meningsløs. Litteraturen har alltid vært beslektet med det utopiske, så når det utopiske mister mening, gjør også litteraturen det. Det jeg forsøkte på, hva vet jeg, var å bekjempe fiksjon med fiksjon.

hvernig hið sjálfsævisögulega er hunsað til þess að skáldskapurinn fái að njóta sín. Hugmyndin um dauða höfundarins verður að meinloku sem ekki er hægt að losa sig við í umræðu um sjálfsævisöguna. Ef marka má þá sem skrifað hafa um *Min kamp* mætti halda að til þess að hægt sé að greina verkið og njóta þess verði að vera hægt að aðskilja raunveruleikann frá því sem höfundurinn hefur spunnið sjálfur, og þannig verði hægt að meta hana út frá „réttum“ verðleikum. Í framhaldi má velta fyrir sér hvort að sjálfsævisagan eigi sér ekki örugga stöðu innan bókmenntakanónunnar. Eftir útgáfu *Min kamp* leið ekki langur tími þar til Knausgárd var orðaður í samhengi við Nóbelsverðlaunin. Nafn hans var nefnt í samhengi við aðra stóra höfunda og fáir norskir rithöfundar hafa náð jafn hratt svo mikilli velgengni. En í þessu samhengi er sjaldan minnst á hið sjálfsævisögulega í bókunum, heldur einblínt á skáldskapinn í textanum. Enn er litið niður á sjálfsævisöguna sem útskýrir einnig þá stöðugu þörf til þess að skapa nýja flokka eins og skáldævisöguna.

Knausgárd skrifaði sig að miklu leyti sjálfur inn í þá kanónu sem hann hefur verið orðaður við. Leið aðalpersónunnar í bókunum að rithöfundarhlutverkinu nálgast ótalmarga rithöfunda og listamenn sem hann ber sig saman við og úr verður ákveðin mynd af mannum Karl Ove sem á samleið með rithöfunum á borð við Marcel Proust, Knut Hamsun og Henrik Ibsen. Hann staðsetur sjálfan sig á tímamótum þar sem hann leggur dóm sinn á fyrri listastefnur og gefur þannig í skyn að hann sé nú kominn til þess að breyta því umhverfi. Í þessu samhengi er ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri kynjatvíhyggju sem höfundurinn tekur sér, bæði í verkinu sjálfu og í viðtölum. Karlmenntan í er alltaf í forgrunni, hvort sem það séu slæmu hliðar hennar eða þær góðu og Knausgárd minnst aldrei á konur sem hafa haft áhrif á hann.¹³⁰ Þannig á hann ekki bara öruggt sæti innan kanónunnar sökum kyns síns, hann hjálpar til við að viðhalda henni.¹³¹

Í umræðum um bók Knausgárds er oft gefið í skyn að bókin hafi valdið ákveðnum vatnaskilum í bókmenntaumhverfi samtímans. Skýringin liggur líklega fyrst og fremst í því hvernig hann fjallar um sjálfan sig, hvernig hversdagsleikinn nær yfirhöndinni og hversu langt verkið er. Einnig getur verið að lesendum hafi þótt verk

¹³⁰ Siri Hustvedt benti á þetta í pistli á vefsíðunni *Literary Hub*: Siri Hustvedt, „Knausgard writes like a woman,“ *Literary Hub*, 10. desember 2015. Sótt 6. janúar 2017: <http://lithub.com/knausgaard-writes-like-a-woman/#>.

¹³¹ Áhugavert væri að lesa verk Knausgárds út frá kenningarramma feminismans, en því miður hefur ekki gefist tækifæri til þess hér.

Knausgárds bera keim af nýju sjónarhorni á sjálfið. Svar Knausgárds við póstmóðernískri aðferð til þess að segja sögu af sjálfi felst í að nota hversdagsleikann og raunveruleikann sjálfan til þess að skapa heilstæða mynd af manneskjuni.

Verkið *Min kamp* er, þegar á botninn er hvolfi, frekar hefðbundin sjálfsævisaga að því leyti að hún fellur vel að skilgreiningu Philippes Lejeunes er sjálfsævisaga eins og áður hefur komið fram, „frásögn í prósa um liðna tíð eftir manneskju sem er til, um hennar eigin tilveru, þar sem áhersla er á líf hennar og sérstaklega persónuleika hennar.“¹³² Skilyrði fyrir sjálfsævisögunni er að sögumaður, höfundur og aðalpersónana í textanum séu eina og sama manneskjan.¹³³ Knausgárd er höfundur, sögumaður og aðalpersóna. Hann fjallar um sína eigin tilveru og líf sitt, hvernig persónuleiki hans hefur þróast og hvernig hann varð að þeim manni sem hann er á tíma skrifanna. Það sem er helst frábrugðið hinum hefðbundna frásagnarramma er hversu djúpt Knausgárd kafar ofan í hversdagsleikann, án þess að leyfa frásögninni að hverfast í kringum ákveðna vendipunkta. Það er áhugavert að sjá hvernig gagnrýnendur og fræðimenn vilja halda fast í það að staðsetja bókinnar innan annarra flokka. Það eru ef til vill bestu sönnunargögnin fyrir því hversu takmarkandi hugtök á borð við „skáldævisögur“ eru. Þau bæta litlu við og gefa í skyn að skáldsögur geti ekki verið sjálfsævisögulegar eða að sjálfsævisögur séu ekki alltaf að einhverju leyti skáldskapur.

Þetta er þó ekki alveg svo einfalt. Það sem flækir umræður um bækur Knausgárds er, eins og fram hefur komið, að paratexti verksins er í stöðugri þróun og höfundur bókanna, sem er einnig aðalpersóna þeirra, vill viðhalda valdi sínu yfir textanum, löngu eftir að hann setur punktinn aftan við síðustu setninguna. Þannig fær lesandinn ekki að ákvarða sjálfur hvernig hann les textann, heldur fær hann stöðugt nýjar upplýsingar um hvernig verkið eigi að vera. Því má segja að verkið sé nútímaverk í þeim skilningi að lesandinn hefur alltaf fullt aðgengi að öðrum upplýsingum um verkið en eru innan kápu bókarinnar sjálfrar. Þannig er hann í stöðugu og að því að virðist endalaus samtali við höfundinn. Viðtökur bókarinnar hafa verið stór hluti af skáldverkinu sjálfu, og þannig hafa persónur verksins haldið áfram að gegna hlutverki sögupersóna með eða án þeirra eigin vilja.

Í síðustu línunum verksins *Min kamp* setur höfundurinn endapunkt á 3600 blaðsíðna langt verkefni sitt með orðunum að nú geti hann loks hætt að vera

¹³² Philippe Lejeune, 1989. Bls. 4. Þýðing fengin frá Gunnþórunni Guðmundsdóttur úr greininni „Skáldað um líf“, *Skírnir* vor 2003. Bls. 109-125. Bls 110.

¹³³ Philippe Lejeune, *On Autobiography*, Minneapolis: University of Minnesota, 1989.

rithöfundur. Í þessum orðum felst viðurkenning á því sem Knausgárd þurfti að fórna fyrir verk sitt og að einhverju leyti hafi verkið sjálf verið orðið að kvöð. Fyrir lesendur verksins er þó ljóst að hér er verk sem hefur stimplað höfundinn inn í nútímabókmenntaumhverfi sem mun ekki gleymast í nákominni tíð. Hvort að verk Knausgárds muni hafa jafnmikil áhrif og stórvirki Marcel Prousts *Í leit að glötuðum tíma* verður að láta ósagt. Ljóst er þó að þessir tveir rithöfundar eiga það sameiginlegt að hafa skrifað sjálfsævisögulegt verk á umbrotatímum í bókmenntasögulegu umhverfi. Í dag er verk Prousts lesin með tilliti til þess hvernig fjallað er um sjálfið og minningar og hvað það geti sagt okkur um þann tíma sem Proust skrifaði um. Á svipaðan hátt eru viðtökur við verki Knausgárds gott dæmi um hvar sjálfsævisögur standa við upphaf 21. aldarinnar og hvernig fjallað er um verk sem liggja á mörkum veruleika og skáldskapar.

Heimildir

- 14 órólegir fjölskyldumeðlimir, „Lesandabréf í *Klassekampen*,” 3. október 2009. Heimild fengin úr grein Marianne Egeland, „Anerkjennelse og autensitet i virkileghetslitteraturen, *Norsk Litteraturvetenskapelig Tidsskrift*, Vol. 18, nr. 1, 2015. Bls. 34-48.
- Andersen, Claus Elholm, *På vakt skal man være. Om litterariteten i Karl Ove Knausgårds Min kamp*, Helsinki: Nordica Helsingiensia, 2015.
- Anthony, Andrew, „Karl Ove Knausgaard: Writing is a way of getting rid of shame“ *The Guardian*, 1. mars 2015. Sótt 7. janúar 2017: <https://www.theguardian.com/books/2015/mar/01/karl-ove-knausgaard-interview-shame-dancing-in-the-dark>.
- Behrendt, Poul, *Dobbeltkontraken – en æstetisk nydannelse*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2006.
- Behrendt, Poul, „Autonarration som skandinavisk novum.“ *Spring*, tbl. 32-33. 2011.
- Eakin, Paul John, *Living Autobiographically. How We Create Identity in Narrative*, Ithaca og London: Cornell University Press, 2008.
- Egeland, Marianne, „Anarkjennelse og autentisiet i virkileghetslitteraturen“ *Norsk Litteraturvitenskapelig Tidsskrift*, 2015. Bls 34-48.
- Genette, Gerard, *Paratext: Thresholds of Interpretation*, Cambridge: Cambridge University Press, 1987.
- Gopal, Kusum, „Janteloven - Modviljen mod forskellighed. Danske forestillinger om lighed som enshed“ *Tidsskriftet Anthropologi*, nr. 42. Bls. 20-43.
- Gullestad, Marianne, *Everyday Life Philosophers: Modernity, Morality and Autobiography in Norway*, Oslo: Scandinavian University Press, 1996. Heimild fengin frá Paul John Eakin, *Living Autobiographically. How We Create Identity in Narrative*. Ithaca og London: Cornell University Press, 2008.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir, *Borderlines: Autobiography and Fiction in Postmodernist Life-Writing*. London: University of London, 2000.
- „Skáldað um líf: Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“ *Skírnir*, 2003. Bls. 180-197.
 - „Blekking og minni: Benjamin Wilkomirski og helfararfrásagnir, *Skírnir*, 6, (3), 2006. Bls. 39-51.
 - „Sjál í frásögn: Um *Flökkulíf* og *Framhaldslíf förumanns* eftir Hannes Sigfússon”, *Skírnir* vor 2007. Bls. 180–197.
 - „The Online Self: Memory and Forgetting in the Digital Age.“ *The European Journal of Life Writing*, 3. útg, 2014. bls 42-54.
- Helland, Sten Reinhard „Knausgårds „sannhet“ om Hitler og nazismens emosjonelle appell,” *Vinduet*, 4. tbl. 2015. Bls. 97-123.
- Hjorthol, Lars M. „Knausgård moter blandet kritikk“ *Varden*, 25.febrúar 2010. Sótt 3. janúar 2016: <http://www.varden.no/kultur/knausgard-moter-blandet-kritikk-1.900744>.
- Holmlund, Jan Thomas, „Har skrevet seksbinds roman om eget liv,” *Dagbladet*, 27. ágúst 2009, sótt 18. nóvember 2016: <http://www.dagbladet.no/kultur/har-skrevet-seksbinds-roman-om-eget-liv/65275868>.

- Honningsøy, Kirsti Haga og Sivertsen, Eirin Venås, „Knausgård skal skilles“ *NRK*, 25. nóvember 2016. Sótt 15. desember 2016: <https://www.nrk.no/kultur/karl-ove-knausgard-skal-skilles-1.13244505>.
- Hughes, Evan, „Why Name you Book after Hitler's?“ *The New Yorker*, 11. júní 2014. Sótt 2. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/why-name-your-book-after-hitlers>.
- Hutcheon, Linda, *A Poetics of Postmodernism*, Cambridge: Routledge, 1988.
- Ingi Freyr Valdimarsson, „Þegar betlaranum er drekkt“, *Stundin*, 29. maí 2015. Sótt 15. nóvember, 2016 af slóðinni: <http://stundin.is/pistill/thegar-betlaranum-er-drekkt/>.
- Jordan, Justine „The Best Fiction of 2016“ *The Guardian*, 30. nóvember 2016. Sótt 10. desember 2016: <https://www.theguardian.com/books/2016/nov/30/best-fiction-2016-paul-beatty-zadie-smith>.
- Kjærstad, Jan, „Den som ligger med nesen i grusen, er blind,“ *Aftenposten*, 7. janúar 2010. Sótt 15. október 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/debatt/Den-som-ligger--med-nesen-i-grusen-er-blind-234397b.html>.
- Knausgård, Karl Ove, *Min kamp*, Oslo, Forlaget Oktober, 2009.
- *Min kamp: Andre bok*, Oslo, Forlaget Oktober, 2009.
 - *Min kamp: Tredje bok*, Oslo, Forlaget Oktober, 2009.
 - *Min kamp: Fjerde bok*, Oslo, Forlaget Oktober, 2010.
 - *Min kamp: Femte bok*, Oslo, Forlaget Oktober, 2010.
 - *Min kamp: Sjette bok*, Oslo, Forlaget Oktober 2010.
- „Karl Ove Knausgårds rasande attack på Sverige“ *Dagens Nyheter*, 19. maí 2015. Sótt 15. nóvember 2016: <http://www.dn.se/kultur-noje/kulturdebatt/karl-ove-knausgarads-rasande-attack-pa-sverige/>.
- „Svaret fra Knausgård: Helland forstår ikke skjønnlitteratur.“ *Dagavisen*, 10. maí 2016.
- „The Inexplicable: Inside the Mind of a Mass Killer“ *The New Yorker*, 25. maí 2015. Sótt 6. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/magazine/2015/05/25/the-inexplicable>.
- Kunzru, Hari, „Karl Ove Kausgaard: The Latest Literary Sensation,“ *The Guardian*, 7. mars 2014, Sótt 2. janúar 2017: https://www.nytimes.com/2014/05/22/books/karl-ove-knausgaards-my-struggle-is-a-movement.html?_r=0.
- Lawrence Marie, „Why Karl Ove Knausgard is not yet such a big deal in France“, *French Embassy in the United States*, 9. júní 2014. Sótt 29. desember 2016: <http://frenchculture.org/books/news/why-karl-ove-knausgaard-norwegian-proust-not-yet-such-big-deal-france>.
- Lejeune, Philippe, *On Autobiography*, Minneapolis: University of Minnesota, 1989.
- Lorentzen, Jørgen, „Romanens død,“ *Aftenposten*, 11. janúar 2010. Sótt 30. desember 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/kronikk/Romanens-dod-233958b.html>.
- de Man, Paul, „Autobiography as De-Facement,“ *The Rhetoric of Romanticism*, New York: Columbia University Press, 1984. Bls. 67-82.
- Maurois, André, *From Proust to Camus. Profiles of Modern French Writers*, London: Weidenfeld and Nicolson, 1967.
- Moore, Harry T. *Twentieth-Century French Literature*, London: Heinemann, 1969.

- Nilsen, Gro Jorstad, „Ikke Judaslitteratur,“ *Aftenposten*, 22. desember 2009, Sótt 10. desember 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/debatt/ikke-judaslitteratur-236782b.html>.
- Pedersen, Bernt Erik, „Knausgård kan ikke diktere hvordan verket hans skal leses.“ *Dagsavisen*, 11. maí 2016. Sótt 26. desember 2016: <http://www.dagsavisen.no/kultur/knausgard-kan-ikke-diktere-hvordan-verket-hans-skal-leses-1.723102>.
- Proust, Marcel, *Í leit að glötuðum tíma - Leiðin til Swann*, þýð. Pétur Gunnarsson, Reykjavík: Bjartur, 1997.
- Rak, Julie, *Boom!: Manufacturing Memoir for the Popular Market*, Waterloo, Ontario: Wilfred Laurier University Press, 2013.
- Refsum, Christian, „Den nødvendige roman,“ *Morgenbladet*, 22. janúar 2010. Sótt 3. janúar 2017: https://morgenbladet.no/debatt/2010/den_nodvendige_romanen
- Renberg, Tore og Knausgård, Karl Ove, „I røykeavdelingen på havets bunn“, *Samtiden*, 1. tölublað 2010. Bls. 25-46.
- Rother, Larry „He Says a Lot, for a Norwegian“ *New York Times*, 18. júní 2012. <http://www.nytimes.com/2012/06/19/books/a-debate-over-karl-ove-knausgaards-my-struggle.html>.
- Rothman, Joshua, „What is the Struggle in *My Struggle*?“ *The New Yorker*, 28. maí 2014. Sótt 7. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/books/page-turner/what-is-the-struggle-in-my-struggle>.
- Schillinger, Liesl, „His Peers' Views Are in the Details“ *The New York Times*, 21. maí 2014, sótt 2. janúar 2017: https://www.nytimes.com/2014/05/22/books/karl-ove-knausgaards-my-struggle-is-a-movement.html?_r=0.
- „Why Karl Ove Knausgård Can't Stop Writing“ *The Wall Street Journal*, 4. nóvember 2015. Sótt 7. janúar 2017: <http://www.wsj.com/articles/why-karl-ove-knausgaard-cant-stop-writing-1446688727>.
- Schmitt, Arnaud og Kjerkegaard, Stefan, „Karl Ove Knausgaard's *My Struggle*: A Real Life in a Novel“ *a/b: Auto/Biography Studies*, 31. útg. 3.tbl., 2016. Bls. 553-579.
- Skei, Hans H. „Mangfoldig, rykt, rystende,“ *Aftenposten*, 18. september 2009, Sótt 6. janúar 2017: <http://www.aftenposten.no/kultur/Mangfoldig-rikt-rystende-235464b.html>.
- Smith, Sidone og Watson, Julie, *Reading Autobiography*, Minneapolis, London: University of Minnesota Press, 2010.
- Tjetslaff, Marie „Knausgårds roman er ren læsefryd,“ *Politiken*, 27. maí 2010. Sótt 7. janúar 2017: http://politiken.dk/kultur/boger/skonlitteratur_boger/art5418069/Knausg%20%5A5rds-roman-er-ren-l%C3%A6sefryd.
- Tjønneland, Eivind *Knausgård-Koden - Et ideologikritisk essay*, Oslo: Spartacus, 2010.
- Treborg, Ingrid Marie, „Her er Knausgårds alle siste intervju.“ *TV 2*, 22. nóvember 2009, sótt 7. janúar 2017 af: <http://www.tv2.no/a/3342545>.
- Tømte, Lasse, „Debatten om Knausgård.“ *Aftenposten*, 12. október, 2011. Sótt 7. desember, 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/Debatten-om-Knausgard-233731b.html>.
- Wang-Naveen, Mala, „Demonene i detaljene,“ *Aftenposten*, 10. desember 2009. Sótt 1. desember 2016: <http://www.aftenposten.no/meninger/Demonene-i-detaljene-237945b.html>.

- Witt-Brattström, Ebba, „Kulturmannens trettonåriga alibi“, *Dagens nyheter*, 11. maí 2015. Sótt 10. nóvember 2016.: <http://www.dn.se/kultur-noje/kulturdebatt/kulturmannens-trettonariga-alibi/>.
- Wood, James, „Total Recall: Karl Ove Knausgård's *My Struggle*“ *The New Yorker*, 13. ágúst 2012, Sótt 3. janúar 2017: <http://www.newyorker.com/magazine/2012/08/13/total-recall>.
- Økland, Ingunn, „Hensynsløs skjønnhet,“ *Aftenposten*, 5. nóvember 2009. Sótt 3. janúar 2017: <http://www.aftenposten.no/kultur/Hensynslos-skjonnhet-235299b.html>.